



**Ársskýrsla 2025**



**Rauði krossinn**

## Ársskýrsla Rauða krossins á Íslandi 2025 Reykjavík, maí 2026

Útgefandi: Rauði krossinn á Íslandi

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Elín Halldórsdóttir


Ritstjóri: Sunna Ósk Logadóttir

Umbrot og hönnun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir

Prófarkalestur: Helga Lára Hólm

Myndir: ICRC, IFRC, PRCS, Golli, Skapti Hallgrímsson, Þorbjörg Margrét Guðnadóttir, Nadía Ýr Emilsdóttir, Sunna Ósk Logadóttir, Tinna Eyberg Örlygsdóttir, Álfheiður Svana Kristjánsdóttir og fleiri starfsmenn og sjálfboðaliðar Rauða krossins á Íslandi.



R.K.Í. 



### Föt send til Grænhöfðaeypja

Í apríl árið 1984 hélt Fengur, skip Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, frá Reykjavík til Grænhöfðaeypja með fatasendingu frá Rauða krossinum á Íslandi til Rauða krossins á Grænhöfðaeypjum. Á myndinni eru Stefán Pálsson starfsmaður RKÍ, Halldór Lárusson skipstjóri, Jón Ásgeirsson framkvæmdastjóri RKÍ og Sigríður Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur.

# EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns	2
Sjálfböðaliðar okkar	3
Árið í hnotskurn	4

## **Innanlandsstarf**

Neyðarvarnir	5
Skaðaminnkun	12
Skyndihjálp	15
Fólk á flóttu	17
Málsvarastarf	29
Heilbrigðisverkefni	32
Félagsverkefni	34
Fataverkefni	39
Fjáröflun og kynningarmál	42

## **Alþjóðastarf**

Mannúðaraðstoð á ófriðartímum	44
Alþjóðleg verkefni okkar	47

## **Svona erum við**

Starfsfólk	49
Myndir úr starfinu	52
Málþing um grunngildi	54
Fjármál	55

# Hvetjum til virðingar fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum

Eins og sést glöggvild lestur ársskýrslunnar er starf Rauða krossins á Íslandi öflugt og verkefnið sem unnin eru mörg og fjölbreytt.

Sjálfbóðaliðar mynda grunninn í starfinu, eins og alltaf hefur verið hjá Rauða krossinum um allan heim. Öflugt starfsfólk sér síðan um skipulagningu, fjármál og aðstoð þannig að kerfið virki vel.

Á Íslandi starfa yfir 2.000 manns sem sjálfbóðaliðar um land allt. Sumir í einu verkefni – aðrir í mörgum, sumir í afmarkaðan tíma en aðrir hafa verið að störfum í áratugi. Verkefnið eru öll mikilvæg, hvort sem þau snúast um neyðar- aðstoð, viðbrögð við náttúruhamförum, opnun fjöldahjálparstöðva, sálræna fyrstu hjálp, svörun í hjálpararsíma Rauða krossins, aðstoð og vinnu með flóttafólki, flokkun og sölu fatnaðar, að taka vakt í Frú Ragnheiði – eða að sitja í stjórn deildar eða landsfélagsins og sinna fjáröflunarverkefnum svo hluti af verkefnum sé nefndur.

Rauði krossinn á Íslandi tekur líka þátt í verkefnum á sviði þróunar- aðstoðar og eru þau flest eða öll unnin í samstarfi við önnur landsfélög og alþjóðasamtök Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Þau verkefni eru mikilvæg og snúast um að bjarga lífum, seðja hungur, en ekki síst að vinna verkefni sem gera fólki kleift að verða sjálfstætt og sjálfbjarga.

Ófriður og vopnuð átök eru skelfingar sem eru ekki nýjar af nálinni og voru á sínum tíma ástæðan fyrir stofnun og útbreiðslu Rauða krossins. Við lifum á tímum þar sem þjóningar vegna átaka og



hamfara hafa sjaldan verið meiri á heimsvísu á meðan stuðningur við mannúðaraðstoð og þróunar- samvinnu dregst verulega saman.

Náttúruhamfarir eru nú tíðari, flóknari og stærri en áður, ekki síst vegna loftslagsbreytinga, en geta samfélaga til að mæta þeim er ójöfn. Þau lönd sem hafa lagt minnst til vandans eru oft þau sem standa frammi fyrir verstu afleiðingunum, meðal annars vegna flóða, þurrka, hitabylgja og öfgakennds veðurs.

Vopnuð átök eru orðin stór hluti af okkar samtíma. Átökum fjölga og þau vara lengur. Árið 2024 voru yfir 130 átök í gangi á heimsvísu sem er tvöföldun frá árinu 2009 og enn bætist í. Tuttugu þeirra hafa varað í meira en tvo áratugi og víða hafa börn aldrei kynnst lífi án þeirra. Fyrir þau eru hætta og skortur hluti af daglegu lífi.

Almennir borgarar, starfsfólk og sjálfbóðaliðar mannúðar- og

hjálparsamtaka eru endurtekið skotmörk meðan þau skulu njóta verndar lögum samkvæmt. Árið 2025 voru 27 sjálfbóðaliðar og starfsfólk Rauða krossins og Rauða hálfmánans drepnir við mannúðarstörf sín en undanfarin tvö ár hafa verið þau mann- skæðustu fyrir mannúðarstarfs- fólk frá upphafi skráninga.

Þegar viðmið alþjóðlegra mannúðarlaga eru orðin valfrjál er ljóst að aðhald í vopnuðum átökum er hverfandi. Í slíkri heimsmynd er mikilvægt að ríki sýni fordæmi og hvetji til virðingar fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum á vettvangi átaka; að þeim sé beitt á samræmdan hátt, alls staðar, svo vernda megi almenna borgara, hjálparstarfsfólk, grunninnviði, aðgang mannúðaraðstoðar og þannig stuðla að mannlegri reisn. Rauða krossins er svo sannarlega enn þörf – innanlands og utan.

*Sigríður Stefánsdóttir  
formaður Rauða krossins á Íslandi*

# SJÁLFBODALIÐAR 2025

3.069

sjálfboðaliðar störfuðu hjá félaginu á árinu

75

hundar heimsækja fólk

## Topplistinn

525

sjálfboðaliðar í neyðarvörnum

381

sjálfboðaliðar í vinaverkefnum

250


sjálfboðaliðar í stjórnnum Rauða krossins

139

sjálfboðaliðar í Frú Ragnheiði

## Aldur sjálfboðaliða

Meðalaldur sjálfboðaliða er 53,5 ár



## Rödd sjálfboðaliða


„Elska virkilega að vera sjálfboðaliði hjá ykkur!“

„Upplifi sterkt að framlag mitt sé metið að verðleika.“


„Ég kunni vel að meta þjálfunina sem ég fékk“

„Við erum eins og fjölskylda.“

## Kynjahlutföll



## Sjálfboðaliðar eftir landshlutum



# 2025

## Í HNOTSKURN



### Janúar

Rauði krossinn hóf neyðarsöfnun fyrir íbúa Gaza. Þá var vopnahlé loks komið á en þörfin fyrir aðstoð orðin gífurleg.



### Apríl

Starfsfólk Rauða krossins kom saman í mínútu þögn fyrir utan skrifstofur félagsins til að minnast kollega sem drepnir voru við mannúðarstörf á Gaza og víðar.



### Júní

Sigríður Stefánsdóttir tók við sem formaður Rauða krossins af Silju Báru Ómarsdóttur. Sigríður hafði þá verið varaformaður í þrjú ár, átt sæti í stjórn Eyjafjarðardeildar félagsins frá 2021 og verið sjálfboðaliði allt frá 2017.



### Maí

Ótrúlega mikilvæg þjónusta. Ómetanlegt starf. Skiptir ofboðslega miklu máli. Þetta eru orð sem þrír ráðherrar notuðu yfir Hjálparsímann 1717 er skrifað var undir samning um 25 milljóna króna styrk til þjónustunnar.



### Ágúst

Neyslurýmið Ylja varð eins árs. Á fyrsta starfsárinu byggðist traust til Ylju hratt upp vegna góðra tengsla milli skjólstaðinga, starfsfólks og samstarfsaðila.



### Desember

Fyrsti hópur Fánabera Rauða krossins, nýs fjáröflunarverkefni félagsins, kom saman á Bessastöðum. Í hópnum eru níu framtakssamir einstaklingar úr íslensku viðskipta- og menningarlífi.



# Það felst mikið öryggi í því að vera vel undirbúin

## Neyðarvarnir

Við erum orðin ótrúlega góðu vön. Að geta stökkið út í búð hvenær sem er sólarhringsins eftir einni fernu af mjólk. Að komast í apótekið nær alla daga. Að hafa ekki nokkrar áhyggjur þegar bensínljósið fer að loga í bílnum – það er alltaf svo stutt í næstu bensínstöð. Að borga alls staðar með kortum og sínum. Að versla á netinu

og fá allt sent heim að dyrum. Að stinga símanum í samband í næsta vegg þegar rafhlaðan er við það að tæmast. Að hlusta á útvarpið í símanum eða fá allar okkar fréttir á netinu.

„En þetta eru ekki sjálfsögð og óskeikul þægindi,“ segir Aðalheiður Jónsdóttir, teymisstjóri neyðarvarna hjá Rauða krossinum.

„Þau geta nefnilega klikkað. Og við þurfum að vera undir það búin. Þess vegna biðjum við fólk að vera klárt – að undirbúa sig fyrir að kerfin okkar geti brugðist tímabundið. Að öll geti verið sjálfbjarga heima hjá sér í þrjá daga.“

Þar er Aðalheiður að vísa í hið svokallaða þriggja daga verkefni Rauða krossins, 3dagar.is.



Aðalheiður í Samhæfingarstöð almannavarna að fylgjast með gangi mála á flugslysæfingu á Reykjavíkflugvelli.

### En af hverju þrír dagar?

„Ef fólk getur bjargað sér sjálft án utanaðkomandi aðstoðar í þrjá daga gefur það viðbragðsaðilum nauðsynlegt svigrúm til að sinna neyðartilvikum,“ svarar Aðalheiður.

Hún dregur því næst upp sviðsmynd sem gæti auðveldlega raungerst á Íslandi: Langvarandi óveður skellur á. Rafmagnið fer. Fólk vaknar upp við vondan draum, á hvorki rafhlöður í vasaljósið, hleðslubanka fyrir símann eða mat sem auðvelt er að snæða án mikillar fyrirhafnar. Aðeins ein tafla af blóðfitulækkandi lyfinu er eftir í pakkanum og það vantar líka kattasand. Hundamat. Það er allt á kafi í snjó en það hlýtur að reddast að skjótast út í búð og apótek. Með viðkomu á bensínstöðinni því bensínljósið er farið að loga. Á planinu við bensínstöðina situr fjölskyldubíllinn hins vegar fastur í skafli. Þá vaknar sú spurning hvort eyða skuli síðasta prósentinu af hleðslunni á símanum til að googla símanúmerið hjá björgunarsveitinni – eða hringja beint í neyðarnúmerið 112. Til að fá einhvern til að kippa bílnum upp úr skaflinum. Vitandi að björgunarsveitirnar eru að festa þakplötur á

skólahúsinu, aka öldruðum manni með hjartaverk á spítala og koma lækni og hjúkrunarfræðingi sem eiga næstu vakt á spítalanum í vinnuna.

„Þetta gengur út á að draga úr álagi á viðbragðsaðila á neyðarstundu,“ ítrekar Aðalheiður, „svo þeir geti sinnt bráðatilvikum og lífsbjargandi verkefnum“.

Rauði krossinn hóf þriggja daga verkefnið fyrir um áratug. Á það hefur reglulega verið minnt en undanfarna mánuði hefur meiri athygli verið vakin á því en oftast áður. Skýringin á því er sú að fyrirtækið Rio Tinto veitti félaginu styrk til að efla viðnámsþrótt. Það gerðist í kjölfar jarðhræringanna á Reykjanesi. Þeir atburðir sýndu svart á hvítu að þegar innviðir á borð við rafmagn og vatnsveitu laskast getur það haft víðtæk áhrif á daglegt líf fólks sé það ekki undirbúið.

„Við fundum það að þetta ástand kom greinilega mörgum í opna skjöldu og að það væri mikil þörf á því að halda boltanum á lofti og minna rækilega á þriggja daga verkefnið okkar,“ segir Aðalheiður. Það sé eins með það

og öll önnur forvarnarverkefni; á þau þarf stöðugt að minna.

Hreyfing Rauða krossins um allan heim hefur lagt áherslu á að efla viðnámsþrótt og seiglu samfélaga. Það hefur enda sýnt sig að þar sem undirbúningur er fyrir hendi farnast fólki best. „Auðvitað er ekki hægt að búa sig fyllilega undir allar aðstæður,“ segir Aðalheiður, „en ef við getum bjargað okkur sjálf í nokkra daga getur það algjörlega skipt sköpum um framhaldið“.

Neyðarástand getur verið af ýms-um toga. Það getur orðið vegna náttúruhamfara, líkt og landsmenn þekkja orðið vel, vegna óveðurs eða vegna annarra utanaðkomandi þátta sem valda langvarandi rafmagnsleysi eða röskun á öðrum kerfum. „Við getum misst hitann af húsinu okkar. Við getum misst kalda vatnið. Og hvað ætlum við þá að gera?“

Aðalheiður segir markmið verkefnisins vera að fræða en ekki hræða. Skiljanlega geti fólk brugðið þegar talað sé um að birgja sig upp af dósamat, reiðufé og að eiga útvarp sem gengur fyrir rafhlöðum. „Fyrir nokkrum

”

## Við getum ekki gert ráð fyrir að **allt virki**, öllum stundum.

áratugum var það raunveruleiki okkar margra að rafmagnið færi af í vondu veðri og við kipptum okkur ekkert sérstaklega upp við það,“ segir Aðalheiður og brosir. „En hraðar tækniframfarir hafa orðið á mörgum sviðum og rafmagnsleysi er fátítt og varir yfirleitt aðeins í skamman tíma. Og nú eru kynslóðir orðnar fullorðnar sem hafa allt sitt líf alist upp við þessa öryggstilfinningu. Við hin höfum svo kannski orðið værukær líka. En rafmagnsleysi, og jafnvel langvarandi, er ekki eitthvað fjarlæggt fyrirbæri sem heyrir nú sögunni til. Síður en svo. Við sáum það til dæmis vel í óveðrinu hér á landi í desember 2019. Við sáum það líka í rafmagnsleysinu á Íberíuskaga í fyrra að ekki var hægt að nota kort í verslunum. Þeir sem áttu reiðufé gátu verslað en aðrir ekki.“

En finnst Aðalheiði auglýsinga-herferðin hafa skilað sér? „Hún hefur gert það að því leyti að fólk er flest mun meðvitaðra um þriggja daga verkefnið finnst mér. Um viðlagakassann til dæmis. En ég óttast að fáir hafi þó tekið skrefið og útbúið sér slíkan kassa. Og aftur: Það er af því að við erum svo góðu vön. Þá ætla ég að segja eitt: Við getum ekki alltaf gert ráð fyrir að það komi einhver og bjargi okkur. Ástandið getur einfaldlega verið það alvarlegt að það sé ekki hægt að hjálpa öllum á sama tíma. Þá þurfa viðbragðsaðilar að forgangsraða.“

Hún hvetur því fólk eindregið til að taka skrefið, fara yfir fræðsluefnið á



Aðalheiður kynnti þriggja daga verkefnið á Neyðarvarnarpingi sem haldið var í Reykjanesbæ.

3dagar.is og byrja að sanka að sér í viðlagakassann. „Þetta þarf ekki að vera leiðinlegt verkefni heldur jafnvel skemmtileg stund með fjölskyldunni við eldhúsbordið.“

Þá væri hægt að byrja á að spyrja: Hvað hér á heimilinu okkar þarf rafmagn? Ef eldavélin virkar ekki, hvað eigum við að hafa í kvöldmat? Og ef sjónvarpið virkar ekki, hvað getum við gert til að stytta okkur stundir?

„Við getum ekki gert ráð fyrir að allt virki, öllum stundum. Það er brýnt að við áttum okkur öll á því. Það felst mikið öryggi í því að vera vel undirbúin.“

Heimsmálin eru ekki beint að vekja bjartsýni hjá fólki þessi misserin. Er áhersla á þriggja daga verkefnið núna eitthvað tengt því ástandi? „Ekki beinlínis en vissulega hefur umræða um fjölpáttaógnir svokallaðar, þar sem til dæmis er ráðist á innviði, kallað á að samfélög séu búin undir það. Kollegar okkar á Norðurlöndunum, sem eiga jafnvel landamæri að ríkjum sem eru í stríði leggja áherslu á þetta. Hér á landi er neyðarástand vegna

náttúruhamfara mun líklegra. En undirbúningurinn er sá sami. Boðskapurinn er sá sami. Að við getum verið sjálfum okkur næg og engum háð um aðstoð í einhvern tíma.“

### 5 atriði sem Aðalheiður vill að þú hafir alveg á hreinu:



Hleðslubanki



FM útvarp með rafhlöðum eða upptrekt



Reiðufé



Matur með gott geymsluþol



Ekki vera á síðasta bensíndropanum, lyfjaskammtinum

## Neyðarvarnir

# Komið á óvart að finna hvers ég er megnug

Ég er mikill talsmaður þess að við ættum öll að gefa það sem við getum til samfélagsins," segir Guðný Drífa Snæland, sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum á Egilsstöðum. „Öll höfum við eitthvað fram að færa sem getur nýst til að aðstoða samborgara okkar.“

Guðný Drífa er 44 ára, búsett í Fellum á Héraði og starfar sem sölu- og þjónusturáðgjafi hjá Sjóvá. Hún hefur verið sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum frá árinu 2018. „Fyrst var ég beðin um að vera með í stofnhóp viðbragðsteymis Austurlands," segir Guðný Drífa um upphafið að sjálfboðastörfunum. Það gerði hún og tók þátt í undirbúningi að stofnuninni og varð svo einnig sjálfboðaliði í neyðarvörnum samhliða áfallateyminu.

„Fyrst og fremst er ég í viðbragðsteymi Austurlands en sá hópur sinnir sálrænni aðstoð," segir Guðný Drífa. „Það starf snýst um að taka viðtöl við fólk en þó aðallega að vera góður hlustandi.“

Einnig er hún í neyðarvarnarhópi Rauða krossins á Austurlandi en sá hópur sér m.a. um að opna fjölda-hjálparstöðvar ef eftir því er kallað. Sú vinna felst t.d. í því að skrá alla sem koma, setja upp bedda og fleira tilfallandi. Reglulega tekur hún svo að sér símsvörun í bakvaktarsíma Rauða krossins. „Þar svara ég símtölum utan vinnutíma þar sem óskað er eftir aðstoð, til dæmis frá viðbragðsteymum um allt land. Þá sé ég um að koma aðstoð á staðinn í samvinnu við aðra sjálfboðaliða Rauða krossins.“



Guðný Drífa segist hafa fengið góðan undirbúning hjá Rauða krossinum er hún gerðist sjálfboðaliði. „Til að byrja með fékk ég kynningu á því í hverju starfið felst og svo námskeið í sálrænni fyrstu hjálp," rifjar hún upp. „Ég tók líka, og tek enn reglulega, námskeið í skyndihjálpi. Einnig fór ég á námskeið í neyðarvörnum sem snýst meðal annars um kennslu í að opna fjölda-hjálparstöð og fleira.“

Spurð hverju það skipti fyrir nærsamfélagið á Austurlandi að þar séu starfandi sjálfboðaliðar Rauða krossins í ýmsum verkefnum svarar Guðný Drífa: „Það skiptir öllu máli að hafa gott fólk í svona störfum. Við verðum að geta treyst á ýmsa aðstoð og viljum auðvitað fá hana sem allra fyrst.“

Sjálfboðaliðastörfin hafa svo einnig gefið henni ýmislegt persónulega. „Ég hef fengið tækifæri til að efla mig á ýmsan hátt og kynnast áhugaverðu fólki. Það sem hefur kannski helst komið mér á óvart er að finna hvers megnug ég er sjálf þegar á reynir.“

## Hvað er sálræn fyrsta hjálp?

Sálræn fyrsta hjálp er aðferð til að styðja við fólk í uppnámi og þannig aðstoða það við að ná ró og stjórn á aðstæðum. Að læra sálræna fyrstu hjálp getur hjálpað þér að vera til staðar og bregðast við þegar fólk þarf á stuðningi að halda.

Sálræn fyrsta hjálp er tilfinningalegur og hagnýtur stuðningur þar sem virkri hlustun er beitt og nærgætni. Sálræn fyrsta hjálp er hvorki ráðgjöf né meðferð. Sálræn fyrsta hjálp getur gagnast þeim sem eru í uppnámi til að takast á við eðlilegar tilfinningar í aðstæðunum, stuðlað að heilbrigðum bjargráðum auk þess að stuðla að öryggi og von.





Sjálfbóðaliðar Rauða krossins á flugslysaæfingu á Reykjavíkflugvelli.

## Neyðarvarnir

# Tugir sjálfbóðaliða stukku til í krefjandi útköll

Opnun fjöldahjálparstöðva, viðbrögð vegna strands og áfallahjálp í kjölfar eldsvoða voru meðal verkefna sem neyðarvarnarteymi Rauða krossins, með tugi sjálfbóðaliða í broddi fylkingar, sinnti á árinu 2025. Heildarfjöldi þeirra sem fengu aðstoð í kjölfar áfalla árið 2025 var 758.

Af helstu verkefnum ársins má nefna opnun fjöldahjálparstöðvar í Grundarfirði vegna rútuslyss á Snæfellsnesi. Sjálfbóðaliðar félagsins komu einnig að aðgerðum þegar bátur strandaði skammt frá Ísafirði þar sem þeir aðstoðuðu m.a. við talningu og tóku á móti þolendum. Rýmingar voru vegna snjóflóðahættu á Seyðisfirði og í Neskaupstað og sá Rauði krossinn um skráningu og opnun fjöldahjálparstöðva. Þá var einnig opnuð fjöldahjálparstöð í kjölfar

bruna í Reykjanesbæ og tók viðbragðshópur félagsins síðar viðtöl við þolendur. Að auki var veittur sálrænn stuðningur vegna vinnuslysa og ofbeldismála.

Rauði krossinn gegnir mikilvægu stoðhlutverki sem hjálparlið almannaþarfa. Helstu verkefni eru að opna og reka fjöldahjálparstöðvar, sálfélagslegur stuðningur og endurreisn fólks og samfélaga eftir áföll.

Viðbragðshópar félagsins eru sérþjálfaðir sjálfbóðaliðar sem veita viðtöl með sálrænum stuðningi eftir alvarleg áföll. Fjöldahjálparliðar eru þjálfaðir í að opna og reka fjöldahjálparstöðvar og er boðið upp á námskeið nokkrum sinnum á ári. Bakvakt Rauða krossins tekur við beiðnum um opnun fjöldahjálparstöðva og bregst við óskum um sálrænan

stuðning. Hópar þessir starfa um allt land.

Á árinu 2025 voru um 575 sjálfbóðaliðar skráðir í neyðarvarnir. Þar af störfuðu um 140 í viðbragðshópi og 442 í fjöldahjálpi. Auk þess sinntu 26 sjálfbóðaliðar störfum í aðgerðastjórn og sjö mönnuðu bakvaktarsíma Rauða krossins. Alls voru 80 útköll á árinu og um 50 leiðbeinandi verkefni voru leyst í síma. Útköll geta verið krefjandi og getur eitt atvik kallað á margra daga vinnu með aðkomu fjölda sjálfbóðaliða.


Á árinu tóku sjálfbóðaliðar neyðarvarna þátt í ýmsum æfingum. Þar má nefna sjóbjörgunaræfingu á Ísafirði og flugslysaæfingar í Vestmannaeyjum, Reykjavík og á Þórshöfn. Á æfingunum fá sjálfbóðaliðar tækifæri til að efla færni



Gerð auglýsinga fyrir átakið Ertu klár? og flugslysæfingar voru meðal þess sem kom við sögu hjá neyðarvörnum árið 2025.

Tegundir útkalla	2025
Sjálfsvíg	4
Bruni	7
Andlát	13
Óveður/ófærð	3
Samgönguslys	6
Skipsskaði	1
Slys	28
Endurlífgun	3
Ofbeldi	11
Náttúruhamfarir	4
<b>Samtals</b>	<b>80</b>

### Útköll eftir landshlutum





Eldgos hófst á Sundhnjúkagígáráðinni 1. apríl. Framkvæmdastjóri Rauða krossins var fulltrúi félagsins í Samhæfingarstöð almannavarna.

sína í starfi og vinna með öðrum viðbragðsaðilum.

Neyðarvarnamálþing var haldið í Reykjanesbæ í mars þar sem flutt voru fjölbreytt erindi. Á þinginu var lögð áhersla á mikilvægi undirbúnings landsmanna

fyrir hættuástand en á árinu var unnið markvisst að því að hvetja landsmenn til að undirbúa sig með verkefninu Ertu klár? - 3 dagar. Teymi Rauða krossins framleiddi fimm sjónvarpsauglýsingar en þær vöktu mikla athygli og sköpuðu umræðu í

samfélaginu um mikilvægi þess að vera viðbúin.

Árið 2025 einkenndist einnig af markvissri uppbyggingu og innleiðingu verkefna undir nafninu Viðnámsþróttur Suðurnesja; markmið verkefnisins er að efla seiglu og samfélagslega samheldni í kjölfar náttúruhamfara og langvarandi óvissu á svæðinu.

Verkefnið náði til rúmlega 1.600 einstaklinga með beinum hætti og nam heildarþjárfesting í samfélaginu 131,8 milljónum króna. Þar af fóru 49,1 milljón króna til barna og ungmenna, 27,9 milljónir króna til eldri borgara og viðkvæmra hópa og 54,8 milljónir króna til verkefna sem efla almennt viðnámsþrótt á Suðurnesjum.

Með fjölda viðburða, námskeiða, vinnustofa og fræslufunda í gegnum verkefnið tókst að ná til stórs hluta Grindvíkinga sem og alls samfélagsins á Suðurnesjum. Áfram verður haldið í ár.

## Neyðarvarnir

# Ný gerð sjúkrabíla væntanleg

Á árinu 2025 voru boðnir út 25 nýir sjúkrabílar, þar af sautján af hefðbundinni gerð, en í fyrsta sinn voru keyptir átta bílar með kassa. Kassabílarinn er rúmbetri bílar sem bæta vinnuáðstöðu bráðaliða verulega. Útboðið fól í sér heimild til að kaupa allt að 25 bíla til viðbótar. Eins og undanfarin ár var fjárfest töluvert í lækningabúnaði, mest munar um rafdrifnar sjúkrabörur fyrir 11 bíla.

Í mars var gerður samningur við Sjúkratryggingar Íslands um tilraunaverkefni í samvinnu við Slökkvilið Akureyrar sem hefur þann tilgang að auka sveigjanleika í bráðþjónustu, svokallað einmenningsviðbragð. Í því felst að ekki er sendur sjúkrabíll með fullri áhöfn í einfaldari útköll, heldur einn bráðaliði á sérútbúinni jeppabifreið með nauðsynlegum lækningatækjum, að undanskildum sjúkrabörum. Framhald verkefnisins verður metið út frá árangri.



Frekari stafrænar úrbætur eru í undirbúningi, þar með talið rafræn skráning á sjúklingum og rafræn samskipti við samstarfsaðila í bráðþjónustu.

Fjöldi sjúkraflutninga á árinu var svipaður og fyrri ár, alls tæp 45 þúsund.



Tugir sjálfboðaliða taka vaktir í Frú Ragnheiði. Íris Ósk Ólafsdóttir félagsráðgjafi er sjálfboðaliði í Frúnni á höfuðborgarsvæðinu.

## Skaðaminnkun

# Frúrnar þrjár og hin einstaka Ylja

Stuðningur við ungt fólk og konur í viðkvæmri stöðu voru meðal þeirra áherslna sem einkenndu skaðaminnkandi þjónustu Rauða krossins árið 2025. Verkefnið Frú Ragnheiður, sem rekið er á þremur stöðum á landinu, og neyslurýmið Ylja, sem rekið er í Reykjavík, hafa það markmið að tryggja fólki sem notar vímuefni aðgang að mannúðlegri lágþröskulda- og lífsbjargandi þjónustu.

Frú Ragnheiður mætir fólki bókstaflega þar sem það er stöð og veitir þjónustu í bíl sem ekur á ákveðnum tímum á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og á Suðurnesjum. Um borð er m.a. veitt nálaskiptaþjónusta, sálrænn stuðningur og heilbrigðisþjónusta,

s.s. blóðprufur og meðferð sára og sýkinga.

Mörg þeirra sem nýta sér Frú Ragnheiði lýsa vantrausti á hefðbundna heilbrigðisþjónustu og reynslu af fordómum í sinn garð. Konur sem nýta sér þjónustuna falla oft utan hefðbundinna kerfa, hafa upplifað margvíslegt ofbeldi og eiga erfitt með eða forðast að leita sér heilbrigðis- og félagsþjónustu. Verkefnið gegnir því mikilvægu hlutverki í að tryggja tengingu við konur sem hafa takmarkað traust á hefðbundnum úrræðum.

Tugir sérþjálfaðra sjálfboðaliða taka vaktir í Frúnum þremur. Hópurinn er með fjölbreyttan bakgrunn, menntun og þekkingu

”

**Það fallega við þessa þjónustu er að það er alltaf öruggt rými fyrir spjall.**

Skjólstæðingur Frú Ragnheiðar

sem er mikill styrkleiki. Árangur Frú Ragnheiðar væri ekki mögulegur án eldmóðs, samstöðu og óeigingjarns framlags sjálfboðaliðanna.

Árið 2025 leituðu 733 einstaklingar í þjónustu Frú Ragnheiðar á þessum þremur stöðum á



## Á ÁRINU 2025 FARG- AÐI FRÚ RAGNHEIÐUR 5.270 LÍTRUM AF NOTUÐUM BÚNAÐI

landinu í samtals 5.810 heim-  
sóknum. Á höfuðborgarsvæðinu  
voru heimsóknirnar 5.342 frá 662  
einstaklingum.

Meðal nýjunga í þjónustu Frú  
Ragnheiðar er samstarf við Rann-  
sóknarstofu í lyfja- og eiturefna-  
fræði sem gerir notendum kleift  
að láta efnagreina vímuefni sín.  
Markmiðið er að auka öryggi,  
styðja við ábyrgari notkun og  
draga úr hættu á alvarlegum  
skaða eða dauðsföllum. Frá því  
samstarfið hófst í ágúst 2025 hafa  
um 20 síni verið send til grein-  
ingar.

Ylja er rekin í Borgartúni í Reykja-  
vík og sinnir einstaklingum með  
flókin og langvarandi vanda.  
Samkvæmt alþjóðlegum mann-  
réttindasamningum eiga allir rétt  
á heilbrigðisþjónustu og neyslu-  
rýmið styður við þann rétt fyrir  
einstaklinga sem oft standa á  
jaðri samfélagsins.

### 70% skjólstæðinga Ylju eru heimilislaus

Ylja er öruggt neyslurými þar sem  
einstaklingar geta notað vímu-  
efni í æð undir eftirliti fagaðila.  
Þar er einnig reykrymi þar sem  
hægt er að reykja ópíóíða og/eða  
örvandi efni við öruggar aðstæð-  
ur. Lögð er rík áhersla á að byggja



Kristín Andrea og Sóley Kristín starfa í skaðaminnkandi verkefnum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu.



Ný Frú var tekin í notkun á Suðurnesjum.

upp traust og tengsl við notend-  
ur þjónustunnar og styðja þannig  
við einstaklinga sem oft standa  
frammi fyrir fjölbættum hindrun-  
um í samfélaginu. Hlýlegt viðmót,  
stuðningur og aðgengi að aðstoð  
geta haft afgerandi áhrif á fólk í  
viðkvæmri stöðu. Neyslurými um

”

**Frúin hefur bjargað  
lífi mínu margsinnis.**

Skjólstæðingur Frú Ragnheiðar

allan heim hafa sýnt fram á mik-  
inn árangur og þar er Ylja engin  
undantekning.

Í Ylju er áhersla lögð á sálfélags-  
legan stuðning, lágþroskulda  
heilbrigðisþjónustu og skaða-  
minnkandi ráðgjöf. Á árinu voru  
heimsóknir 4.352 talsins og sam-  
tals nýttu 327 einstaklingar sér  
þjónustuna. Rúmlega 70% not-  
enda eru án húsnæðis en aðrir búa  
ýmist í félagslegu húsnæði eða  
öðrum búsetuúrræðum. Meirihluti  
gesta skilgreinir sig sem karlkyns  
og meðalaldur er um 38 ár.

Ylja starfar í nánú samstarfi við  
smitsjúkdómadeild Landspítal-  
ans og hjúkrunarfræðingar eru



Sjálfböðaliðar Frú Ragnheiðar á Akureyri kynntu verkefnið á 112 deginum.

með viðveru í hjúkrunarrými Ylju nokkrum sinnum í viku. Frá opnun Ylju 2024 hafa 183 einstaklingar nýtt sér heilbrigðisþjónustuna. Heimsóknir árið 2025 voru 887. Helstu komuástæður eru skimanir og meðferðir við HIV, lifrabólgu c og kynsjúkdómum, meðferðir við sárum og sýkingum, forðalyfjagjafir – bæði geðlyfja og getnaðarvarna, andleg vanlíðan og fleira. Jafnframt er lögð rík áhersla á að fyrirbyggja dauðsföll af völdum ofskömmunar með dreifingu Naloxon-nefúða og fræðslu um rétta notkun.

### Ný Frú á Suðurnesjum

Heimsóknir í Frú Ragnheiði á Suðurnesjum voru 169 talsins á árinu frá 28 einstaklingum. Það sem stóð einna helst upp úr í starfsemi voru kaup og standsetning á nýrri Frú. Um er að ræða bíl af tegundinni VW Crafter sem hefur verið sérhannaður út frá raunverulegum þörfum verkefnisins.

Verkefnastjórnarnir Inga Björk Jónsdóttir og Sigfríður Ólafsdóttir hönnuðu rýmið í samráði við sjálfböðaliða verkefnisins með það að markmiði að búa til umhverfi sem er öruggt og aðgengilegt fyrir sjálfböðaliða og notendur

þjónustunnar. Þær unnu ötulega að því allt árið að innrétta bílinn og komu honum í notkun í desember fullbúnum.



### Bjargar okkur! Enginn sem hefur gert það nema þið.

Skjólstæðingur Ylju

Með nýja bílnum styrkist starfsemi Frú Ragnheiðar á Suðurnesjum enn frekar og er það mikilvægur áfangi í betri þjónustu og aðbúnaði fyrir öll. „Þetta hefði ekki verið gerlegt án þeirra sem styrkja verkefnið,“ segir Fanney Grétarsdóttir, deildarstjóri Rauða krossins á Suðurnesjum. „Við erum óendanlega þakklát öllum sem styrktu verkefnið og gerðu það að veruleika.“

### Fjölgun milli ára á Akureyri

Fjöldi einstaklinga sem leitaði til Frú Ragnheiðar á Akureyri árið 2025 var 43 í 299 heimsóknum sem er nokkur fjölgun frá fyrra ári.



### Ylja er öryggi.

Skjólstæðingur Ylju

Í kjölfar samnings Rauða krossins við Sjúkratryggingar Íslands er annar sjálfböðaliðinn á vakt í Frú Ragnheiði á Akureyri ávallt heilbrigðismenntaður. Sambærilegt fyrirkomulag er á höfuðborgarsvæðinu.

Á árinu var einnig unnið að auknu samstarfi við félagsráðgjafa hjá Akureyrarbæ og var prófað að bjóða upp á þjónustu félagsráðgjafa alla miðvikudaga í febrúar og mars. Eftir þessa tvo mánuði var haldið áfram með tengingu við félagsráðgjafann en ekki var föst viðvera ákveðna daga.

### Stilltu saman strengi

Í fyrrasumar brugðu fulltrúar frá öllum deildum Rauða krossins sem sinna skaðaminnkandi þjónustu sér á ráðstefnu í Frakklandi um hugmyndafræði skaðaminnkunar og reynslu af skaðaminnkandi úrræðum. Það reyndist vel heppnuð ferð þar sem verkefnastjórar fengu tíma til að kynna sér stöðu annarra verkefna í Evrópu og að bera saman bækur sínar og stilla saman strengi fyrir skaðaminnkunarverkefnið hér heima.



**327 MANNESKJUR  
NÝTTU SÉR  
ÞJÓNUSTU YLJU**

## Skyndihjálpar

# Rauði krossinn leiðandi í mál-efnum skyndihjálpar á Íslandi

Árið 2025 urðu þau tíma- mót að aldarfjórðungur var liðinn frá því að Rauði krossinn og heilbrigðisráðuneytið gerðu með sér skriflegt samkomulag um forystu félagsins í skyndihjálpar á Íslandi. Hlutverk Rauða krossins í því samkomulagi er að efla og stuðla að útbreiðslu skyndihjálpar á landsvísu. „Sýnin er skýr og hún er að að efla hæfni samfélagsins til að bregðast við neyð með öflugri og gagnreyndri fræðslu í skyndihjálpar,“ segir Hildur Vattnes Kristjánsdóttir, teymisstjóri skyndihjálpar hjá Rauða krossinum. „Við gerum það með aðgengilegum námskeiðum, faglegum leiðbeinendum og þjónustu sem tryggir gæði, nýsköpun og traust.“

Árið 2025 voru haldin 684 skyndihjálparnámskeið á landinu og jókst fjöldi þeirra sem sóttu námskeið um 14% milli ára.



Skyndihjálparmanneskjur ársins voru heiðraðar með viðhöfn á 112 deginum.

Bjargvættarnámskeið fyrir ungmenni á aldrinum 12–16 ára voru 25 talsins, 52 námskeið um slys og veikindi barna voru haldin og alls 25 námskeið í Skyndihjálpar: Endurmenntun atvinnubílstjóra.

Sérstök áhersla var lögð á aðgengi sjálfboðaliða Rauða krossins að

skyndihjálparnámskeiðum og voru tíu slík haldin á árinu.

### Komu ókunnugum til bjargar

Skyndihjálparmanneskjur ársins voru heiðraðar við athöfn á 112 deginum þann 11. febrúar. Þrjár ókunnugar manneskjur, þau Guðrún Narfadóttir, Hinrik Þráinn



Örnólfsson og Elín Ragnarsdóttir, komu Hrafnkeli Reynissyni til bjargar þegar hann hneig niður og fór í hjartastopp á bílastæði sumarið 2024.

Með samstilltu átaki í samstarfi við neyðarvörðinn Aðalheiði Sigrúnardóttur tókst þeim að kaupa dýrmætan tíma með hjartahnoði þar til Hrafnkell fékk rafstuð hjá viðbragðsaðilum.

Þema 112 dagsins árið 2025 var Börn og öryggi – öryggi barna frammar öllu og bauð Rauði krossinn gestum og gangandi að æfa hjartahnoð og skoða hjartastuð-tæki.

### Fjöldgun leiðbeinenda

Í byrjun mars var haldið leiðbeinendanámskeið í skyndihjálpar. Áhersla Rauða krossins var að fjölga leiðbeinendum á landsbyggðinni og kom um helmingur þátttakenda á námskeiðið víðsvegar af landinu. Alls útskrifuðust 28 nýir leiðbeinendur í skyndihjálpar, tilbúnir að breiða út boðskap skyndihjálpar með þjálfun á landsvísu. Leiðbeinendum sem kenndu fyrir Rauða krossinn fjölgaði því í 70 talsins.

### Nýtt forvarnarátak: Öryggi barna í sundi

Verkefni Rauða krossins í Öryggi og björgun er landsdekkandi og

voru haldin 135 sérhæfð skyndihjálparnámskeið yfir árið. Rauði krossinn hleypti af stokkunum fyrir sumarið fræðslu- og forvarnarátaki í öryggi barna í sundi í samstarfi við Reykjavíkurborg og Samtök forstöðumanna sundstaða á Íslandi (SFSÍ). Lögð var sérstök áhersla á að ná til foreldra og forráðamanna barna á aldrinum 1-9 ára þar sem þau eru líklegri til að lenda í vandræðum í vatni eða drukkna. Meginboðskapurinn var að hafa augun aldrei af börnum í vatni.

„Foreldrum hættir til að ofmeta getu sína til að fylgjast með börnum sínum í vatni og sömu leiðis að ofmeta sundgetu barna sinna,“ segir Hildur um hvers vegna ung börn séu í mestri hættu á að drukkna. Erlendar rannsóknir sýna að einhver fullorðinn er yfirleitt nálægur er barn drukkna. „En barn getur drukknað á aðeins þrjátíu sekúndum, eða á sama tíma og það tekur að senda ein stutt skilaboð í símanum,“ segir Hildur. „Við megum einfaldlega aldrei missa sjónar á þeim í vatni.“

### Alþjóðlegt samstarf

Alþjóðlegt samstarf innan hreyfingarinnar gegnir lykilhlutverki í þróun skyndihjálpar þar sem leiðbeiningar, þekking og reynsla sameinast með þátttöku

skyndihjálparteymisins í samstarfinu.

Í janúar sótti teymistjóri skyndihjálpar ráðstefnu í Osló um viðbúnað í heilbrigðismálum á Norðurslóðum þar sem fjölbreytt erindi voru flutt um viðnámsprótt og viðbragðsgetu samfélaga og þátttöku almennings í neyðarviðbrögðum.

Í byrjun september fór skyndihjálparteymið til Kaupmannahafnar á árlegan samráðsfund norrænna landsfélaga í skyndihjálpar (e. Nordic First Aid Meeting) hjá Danska Rauða krossinum.


Í september sótti teymisstjóri ráðstefnu FAEEN (First Aid European Education Network) í Sarajevo í hlutverki stjórnarmeðlims samtakanna. Ráðstefnan, sem haldin er annað hvert ár, hefur það markmið að efla þekkingarmiðlun, styrkja gæðaviðmið og fylgjast með alþjóðlegri þróun á sviði skyndihjálpar.

Þá sótti hún einnig í október ráðstefnu ERC (European Resuscitation Council) í Rotterdam, þar sem fjallað var um nýjustu rannsóknir, leiðbeiningar og þróun á sviði endurlífgunar og bráðaviðbragða. Þátttaka í slíkum vettvangi styður við áframhaldandi þróun og gæði skyndihjálparfræðslu.

## Fjöldi skyndihjálparnámskeiða Rauða krossins á landsvísu



**10.566** EINSTAKLINGAR SÓTTU NÁMSKEIÐ Í SKYNDIHJÁLPA



**1.545** FENGU ÞJÁLFUN Í ÖRYGGI OG BJÖRGUN, ÞAR AF **184** NÝIR LAUGARVERÐIR



## Fólk á flóttu

# Nærandi samvera eftir hremmingar

Valdefling, virkni og vellíðan voru grunnstef í starfi Rauða krossins með fólki á flóttu árið 2025. Bæði andleg og líkamleg heilsa var í forgrunni í fjölbreyttu hópstarfi sem að stærstum hluta var leitt af sjálfboðaliðum félagsins, m.a. fólki sem sjálft hefur flúið til Íslands. Í þeim hópi er að finna mikla hæfileika og margvíslega sérþekkingu sem miðlað er til annarra af einstakri gjafmildi.

Hvatt er til þátttöku flóttafólks í sjálfboðastarfi félagsins, m.a. í gegnum verkefnið InterACT, og hafa viðbrögðin ekki látið á sér standa. Í heild komu 206 sjálfboðaliðar að verkefnum Rauða krossins fyrir fólk á flóttu í fyrra. Staðið var að 1.237 viðburðum og þá sóttu hundruð einstaklinga samtals um 14.500 sinnum.

Félagslegur stuðningur Rauða krossins við fólk á flóttu miðar að

því að draga úr jaðarsetningu og bæta líðan ásamt því að vinna að inngildingunni í íslenskt samfélag. Til að ná þessum markmiðum var boðið upp á ýmiss konar hreyfingu, íþróttir, leiklist, myndlist, söng og samveru á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Akranesi, Suðurnesjum, Árborg og víðar um landið. Þá var einnig boðið upp á vandaða fræðslu um íslenskt samfélag á nokkrum tungumálum, enskukennslu og íslenskukennslu sem ávallt er einstaklega vel sótt. Að læra íslenskt mál og öðlast sjálfstraust og færni í beitingu tungumálsins er einn af hornsteinum lífs í nýju landi. Þess vegna hyggst Rauði krossinn efla enn frekar tungumálaverkefni sín.

Upp á þeirri nýbreytni var bryddað að fræða ungmenni á fyrsta ári í framhaldskólum á Akureyri um fjölmenningu og staðalímyndir. Starfsmaður frá Eyjafjarðardeild

Rauða krossins hélt utan um verkefnið og heimsótti 13 bekkir í Verkmenntaskólanum og Menntaskólanum á haustönn 2025. Ætlunin er að koma réttum upplýsingum á framfæri í von um að sporna við fordómum í garð fólks af erlendum uppruna. Til stendur að halda verkefninu áfram.

Í mörg ár hefur Rauði krossinn notið fjárhagslegs stuðningsstjórnvalda við að halda úti sínu starfi fyrir fólk sem hingað hefur flúið. Breyting varð þar á um mitt árið 2025 er samningur um stuðning við umsækjendur um alþjóðlega vernd var ekki framlengdur. Áfram er í gildi samningur um félagslegan stuðning við fólk sem fengið hefur vernd. Til að bregðast við þessum breytta veruleika varð félagið að aðlaga sitt starf og m.a. segja upp starfsfólki. Sú stefna var m.a. tekin á höfuðborgarsvæðinu að leggja



Samvera í keilu eða við listsköpun var meðal þess sem í boði var fyrir flóttafólk.

enn meiri áherslu á hópastarf til að nýta krafta starfsfólks og sjálfboðaliða sem allra best.

Rauði krossinn vill að starf sitt sé sveigjanlegt, fjölbreytt og gagnlegt og svari þörfum viðkvæmra hópa í samfélaginu hverju sinni. Með reynslumiklu starfsfólki og neti sjálfboðaliða sem fá góða þjálfun á vegum félagsins teljum við þetta hafa tekist þrátt fyrir miklar áskoranir á undangengnum mánuðum.

### Lyklarnir að samfélaginu

Verkefninu Lyklar að íslensku samfélagi (Keys to Society), sem hóf göngu sína árið 2025 með stuðningi Coca-Cola Europacific

Partners, er ætlað að styðja við flóttafólk sem hingað er komið við að byggja upp líf sitt á Íslandi. Starfsfólk Rauða krossins sem hefur mikla þekkingu á mót-töku fólks á flótta heldur utan um verkefnið og stendur reglulega fyrir vandaðri fræðslu um íslenskt samfélag á ensku, úkraínsku, arabísku og spænsku. Markmiðið er að efla snemmbæra aðlögun, auka skilning þátttakenda á íslensku samfélagi og styðja við leið þeirra til atvinnu og sjálfstæðrar framfærslu. Samhliða fræðslufundunum, sem haldnir hafa verið á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ og á Bifröst, er boðið upp á inngangsnámskeið í íslensku.



**120 MILLJÓNIR VORU Á FLÓTTA Í HEIMINUM**



**1.748 SÓTTU UM ALÞJÓÐLEGA VERND Á ÍSLANDI**



**973 ÚKRAÍNUMENN FENGU VERND**

Fyrstu fræðslufundirnir voru haldnir í maí og eftir því sem leið á árið og verkefnið spurðist út jókst þátttakan og áður en árið var úti höfðu 286 manns tekið þátt. Stefnt er að því að auka samstarf við sveitarfélög og stofnanir



Samverustund eldra flóttafólks á Vítatorgi í Reykjavík með leiðbeinanda Rauða krossins.

svo verkefnið nái meiri útbreiðslu um landið og til fleira fólks.

### Brú milli fólks

Á vegum Rauða krossins er einnig haldið úti öðru sértæku verkefni, InterACT, sem miðar að því að auðvelda fólki á flóttu aðlögun að íslensku samfélagi. Verkefnið er vettvangur þar sem flóttafólk, heimafólk og fyrirtæki vinna saman að ýmsum félagslegum verkefnum og samtímis styrkja alla aðila og samfélagið í heild. Sjálfbóðaliðar úr hópi flóttafólks leiða verkefnið og með samstarfsaðilum standa þeir fyrir viðburðum á borð við plökk í almenningsgörðum og á útivistarsvæðum, matreiðslu fyrir fólk í neyð, sauma teppi fyrir nýbura og styðja við félagsleg verkefni Rauða krossins.

Með þessu starfi leggja sjálfbóðaliðar sitt af mörkum til velferðar fjölbreyttra hópa innan samfélagsins, en deila einnig eigin reynslu og færni og auðga þannig samfélagið í heild. Þannig smíðar InterACT brú milli flóttafólks og heimafólks.



Sjálfbóðaliðar Rauða krossins úr hópi flóttafólks tóku þátt í stóra plökkdeginum.

### Fjölskyldusameiningar og leitarbeiðnir

Þann 29. ágúst 2025 var undirritaður samningur milli Rauða krossins og dómsmálaráðuneytis sem á að tryggja ráðgjafarþjónustu við flóttafólk vegna fjölskyldusameininga. Veitt voru 228 viðtöl vegna fjölskyldusameininga á árinu.

Alls voru sendar 7 leitarbeiðnir á árinu vegna týndra ástvina. Leitarbeiðnir voru sendar til Þýskalands, Palestínu, Afganistan og Hollands. Þá barst leitarbeiðni til okkar frá Rauða krossinum í Bandaríkjunum þar sem maður leitar að bróður sínum. Sú leitarbeiðni er enn opin.

## Skjól fyrir berskjaldaðan hóp

Gistiskýli fyrir fólk sem hlotið hefur endanlega synjun um alþjóðlega vernd hér á landi hefur verið starfrækt af Rauða krossinum síðan haustið 2023 samkvæmt tímabundnum samningi við stjórnvöld. Þjónustustig og opnunartími eru í samræmi við þá þjónustu sem veitt er í gistiskýlum Reykjavíkurborgar fyrir heimilislaust fólk. Dvalargestir fá bæði kvöldverð og morgunverð og aðgang að hreinlætis- og þvottaaðstöðu. Allir gestir hafa aðgang að eigin herbergi.

41 einstaklingur hefur dvalið í gistiskýlinu frá upphafi, 29 karlar og 12 konur. Á árinu 2025 dvöldu 19 einstaklingar í gistiskýlinu, 16 karlar og 3 konur. Gistinætur voru samtals 2.199.

Dvalargestir gistiskýlisins eru berskjaldaður hópur sem hefur verið sviptur öllum rétti til opinberrar þjónustu á Íslandi skv. lögum um útlendinga sem tóku gildi í júlí 2023. Hópurinn hefur lítið við að vera á daginn og Rauði krossinn hefur áhyggjur af lífsviðurværi og framtíð þessa berskjaldaða hóps.



**19 MANNS FENGU  
SKJÓL Í GISTISKÝLINU**

### Fólk á flóttu

## 25 börn fengu styrki til tómsunda

Tómsundasjóður Rauða krossins hefur verið starfræktur frá árinu 2016. Hlutverk hans er að styðja við tómsundaiðkun barna á flóttu sem fengið hafa vernd á Íslandi. Hægt er að sækja um styrki fyrstu árin sem þau búa hér. Tilgangurinn er að stuðla að virkni og félagslegri þátttöku, vinnutengslum og þjálfun í tungumálinu.

Aðstæður fjölskyldna sem sækja um styrki eru oft erfiðar í byrjun búsetu hér á landi, m.a. er atvinnuþátttaka oft takmörkuð á meðan verið er að læra tungumálið. Þá er oft aðeins ein fyrirvinna á lágum tekjum. Leiguverð er mjög hátt og fólkið hefur oft lítið bakland. Við þessar aðstæður duga frístundastyrkir sveitarfélagsins hvergi nærri til.

Á árinu voru tekin viðtöl við nokkrar þeirra fjölskyldna sem nutu góðs af styrkjunum. Barnmörg fjölskylda frá Afganistan sagði til dæmis að börnin hefðu ekki getað stundað íþróttir ef ekki væri fyrir styrkina. Eitt barnanna er í fótbolta, hin í fimleikum og hafa þau eignast góða vini þar og æfa sig í íslenskunni í leiðinni.

Kátur fimmti bekkingur frá Kongó sagði okkur af innlifun frá fótboltaæfingum sínum og vinum sínum þar. Nígerískir bræður stunda líka fótboltann af kappi, hafa kynnst mörgum þar og annan dreymir



um atvinnumennsku síðar meir. Úkraínsk systkin, afar fjörug, æfa fimleika og dans og mamma þeirra segir orkumikla krakka eins og hennar hreinlega verða miklu hamingjusamari með því að reyna á líkamann. „Það losar líka um erfiðar tilfinningar eftir átökin í heimalandinu og flóttann.“

Á síðasta ári nutu 25 börn og unglingar styrkja úr sjóðnum. Sjóðurinn hlaut veglegt framlag frá Velferðarsjóði barna á árinu, upp á tvær milljónir króna.

# Íslenskan sannarlega lykillinn að samfélaginu

Fólk á flóttu



**M**ohammed Raheem hafði ekki dvalið lengi á Íslandi er hann áttaði sig á því að tungumálið væri ekki aðeins tæki sem Íslendingar nýttu til samskipta heldur djúpt ofið allri menningu þjóðarinnar. „Ég sá fljótt að íslenskan væri sannarlega lykillinn að samfélaginu,“ segir hann. „Og þá var ekkert annað að gera en að læra hana!“

Og það gerði Mo, eins og hann er jafnan kallaður, fyrst af sjálfsdáðum og með stuðningi fólks í kringum sig og nú í diplómánámi í íslensku við Háskóla Íslands. Á sama tíma stýrir hann verkefni hjá Rauða krossinum sem heitir einmitt „Lyklar að samfélaginu“ (e. Keys To Society). Í því fær flóttafólk fræðslu

um íslenskt samfélag; um vinnu- markaðinn, skólakerfið, gildi, siði, hefðir og venjur og svo framvegis. „Það sem við gerum er að leiða fólk yfir þröskuldinn að samfélaginu, kveða niður mýtur, leysa úr flækjum, létta á áhyggjum og ekki síst: Hvetja til virkni og þátttöku.“

## Frá Írak til Íslands

Mo er alinn upp í ástríkri og samhentri fjölskyldu í Bagdad, höfuðborg Íraks. Hann er barnatannlæknir að mennt og starfaði í sautján ár við tannlækningar. Einnig kenndi hann þær við Háskólann í Bagdad.

Árið 2019 kom hann til Íslands ásamt kærastanum sínum. Þeir hófu báðir framhaldsnám

”

**Hvað kom mér mest á óvart við Ísland? Hvað allt er kyrrlátt.**

í Háskóla Íslands og útskrifaðist Mo þaðan með meistaraþáðu í matvælafræði. „Hvað kom mér mest á óvart við Ísland? Hvað allt er kyrrlátt,“ segir Mo og hlær. „Ég er vanur ys og þys Bagdad en hér er allt svo rólegt. En ég er farinn að elska það! Núna sakna ég kyrrðarinnar hér heima þegar ég fer til útlanda.“

Að loknu námi í HÍ hóf hann að leita sér að vinnu. Tannlækningar voru út úr myndinni því hann

hefði þurft að sækja sér margra ára endur- og viðbótarmenntun til að fá leyfi til að stunda þær hér á landi. Hann segist ekki gráta það sérstaklega enda liggur áhugi hans nú annars staðar: Í að sinna og skipuleggja mannúðarstarf.

Í árslok 2020 gerðist hann sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum. Nokkrum mánuðum síðar opnaði félagið fjöldahjálparstöð fyrir flóttafólk frá Úkraínu, Venesúela og víðar. Mo hóf þar störf sem sjálfboðaliði en fljótlega bauðst honum fullt starf. Allar götur síðan hefur hann verið í starfsliði Rauða krossins og er nú verkefnastjóri í málefnum fólks á flóttu.

Verkefni Rauða krossins fyrir flóttafólk miða öll að því að valdefla og bæta líðan fólks svo það geti tekið þátt í samfélaginu með öllu sem í því býr. „Rauði krossinn er réttur aðili til að veita þennan stuðning því almennt treystir fólk Rauða krossinum, þekkir merki okkar og veit fyrir hvað við stöndum.“

Fyrir þessu segist hann finna í sínum störfum fyrir félagið. „Okkar starf felst mikið í því að hlusta, sem er mikilvægur hluti af sálrænni fyrstu hjálp,“ segir Mo. „Og það er augljóst að fólk treystir okkur. Það treystir okkur fyrir líðan sinni og það treystir okkur til að veita aðstoð því við tökum ekki afstöðu í átökum – við erum alltaf í liði með mannúðinni.“

### Lyklar að samfélaginu

Verkefnið Lyklar að samfélaginu hóf göngu sína á fyrstu mánuðum ársins 2025. Það hefur gefið góða raun og sama má segja um mörg önnur verkefni Rauða krossins fyrir flóttafólk. En mun meira mætti gera að mati Mo. Mun meira þarf í raun að gera, ef vel ætti að vera. „Ef við viljum

taka vel á móti fólki á flóttu, ef það er raunverulegur vilji til að efla það til þátttöku í íslensku samfélagi, þeim sjálfum og okkur öllum til gagns og góðs, þá er Rauði krossinn tilvalinn til þess. Þar er að finna mikla sérþekkingu á málefnum fólks á flóttu, bæði meðal starfsfólks og sjálfboðaliða. Við þurfum að ná til miklu fleiri og þá er ég ekki aðeins að tala um flóttafólk. Við þyrftum líka að bjóða Íslendingum fræðslu – svo hægt sé að byggja raunverulegar brýr á milli fólks.“

”

**Ég er viss um að þegar fólk fær tíma til að kynnst og fræðast þá opni það faðminn.**

Tungumálið er helsta hindrun flóttafólks þegar kemur að inngildingunni í íslenskt samfélag og aðgengi að vinnumarkaðnum. Þess vegna er grunnur að íslensku nú hluti af Lyklum að samfélaginu, „rétt til að kveikja neistann og áhuga þátttakenda á að læra tungumálið,“ útskýrir Mo. Um nokkurs konar tilraunaverkefni var að ræða, sem aðeins var hluti af fræðslufundum á arabísku en það gafst það vel að nú á að setja það inn í fræðslu á fleiri tungumálum.

Fræðslufundir Lykla að samfélaginu eru haldnir reglulega af starfsfólki Rauða krossins, ýmist á arabísku, úkraínsku, spænsku eða ensku. Þetta segir Mo grundvallaratriði. „Það skiptir máli fyrir þátttakendur að leiðbeinandi tali þeirra tungumál og þekki þeirra bakgrunn en geti líka talað

íslensku,“ segir hann. „Það er hvetjandi fyrir þau að sjá okkur, leiðbeinendurna, útskýra hluti á okkar móðurmáli en skipta svo yfir í íslensku. Það sýnir svo vel að þótt íslenskan sé ekki einfaldasta tungumál í heimi þá er alls ekki ómögulegt að læra hana.“

Sjálfur rak hann sig á það er hann var að byrja að læra íslensku og æfa sig að tala hana hvað fólk var mjög fljótt að skipta yfir í ensku. Einnig talar margur Íslendingurinn mjög hratt. „Sýnið aðeins meiri þolinmæði,“ ráðleggur hann. „Gefið ykkur nokkrar mínútur í viðbót. Það þarf oft ekki meira til.“

Mo hefur búið á Íslandi í sex ár og á þeim tíma hefur hann fundið fyrir breytingu á viðhorfi í garð flóttafólks. Hann tekur eftir því í fjölmiðlum. Hann hefur einnig tekið eftir því annað slagið í samfélaginu. „En ég hef mikla trú á því góða í fólki. Ég er viss um að þegar fólk fær tíma til að kynnst og fræðast þá opni það faðminn.“

Verkefnið Lyklar að samfélaginu veitir flóttafólki þá grundvallarþekkingu, leiðsögn og sjálfstraust sem það þarf til að byrja að byggja upp líf sitt á Íslandi. „Það getur verið yfirþyrmandi að koma inn í nýtt samfélag,“ segir Mo. Aðgangur að skýrum og hagnýtum upplýsingum sé einn sterkasti forspárþátturinn fyrir farsæla aðlögun. Með því að veita þátttakendum skipulagða leiðsögn um íslensk kerfi, réttindi, skyldur, menningu og daglegt líf styður verkefnið bæði við vellíðan þeirra og fjölgar tækifærum til framtíðar.

Það skipti íslenskt samfélag í heild sinni jafnmiklu máli. „Árangursrík aðlögun styrkir félagslega samheldni, dregur úr misskilningi og stuðlar að því að fólk sem sest hér



Mohammed flytur fræðsluerindi fyrir fólk á flótta sem er nýlega komið til landsins.

”

**Þegar flóttafólk skilur hvernig hlutirnir virka og finnst það velkomið og upplýst, gagnast það samfélaginu í heild.**

að geti tekið virkan þátt í samfélaginu. Þegar flóttafólk skilur hvernig hlutirnir virka og finnst það velkomið og upplýst, gagnast það samfélaginu í heild.“

#### Úrbóta þörf

Í dag koma margir aðilar að mál-efnum flóttafólks á Íslandi. Mo

telur að bæta megi móttöku flóttafólks með aukinni samvinnu, samræmingu og snemmtækum stuðningi. Með því að auka samskipti milli sveitarfélaga, félagsþjónustu, heilbrigðiskerfis og frjálsra félagasamtaka megi koma í veg fyrir tafir og tvíverkn- að.

„En ef ég ætti að nefna eitthvað eitt sem mætti bæta þá væri það að veita fólki sem allra fyrst tækifæri á að tengjast samfélaginu, fræðast um það og taka þátt í því. Fólk aðlagast fyrir ef það finnur tengingu og hefur frá upphafi aðgang að íslenskukennslu, atvinnutækifærum og félagslegum stuðningi. Með því að bæta þennan þátt í móttöku flóttafólks, með því að gefa öllum tækifæri til að njóta slíks

stuðnings myndi fólk miklu fyrr upplifa að það tilheyrði samfélaginu.“

Þá er Mo sannfærður um að það felist gríðarleg tækifæri í því að nýta innsýn fólks sem hefur reynslu af því að vera sjálft á flótta og þekkir ranghala kerfisins. „Ég hvet alla sem koma að málefnum er snerta flóttafólk og aðra innflytjendur að gefa fólki með flóttamannabakgrunn tækifæri til að sýna hvað í því býr. Í þessum hópi býr dýrmæt reynsla og þekking sem er í dag vannýtt auðlind.“ Með aukinni þátttöku flóttafólks megi gera Ísland að enn betra og samheldnara samfélagi. „Ég er sannfærður um að það margborgar sig fyrir alla að taka vel á móti fólki á flótta.“



## „Að sjá hamingjusamt fólk gerir mig hamingjusama“

Jógakennarinn og sjálfboðaliðinn Elvira frá Úkraínu veltir fyrir sér hvort að íslenskir atvinnurekendur væru ekki tilbúnir að gefa flóttafólki fleiri tækifæri. Hér segir hún sögu sína og lýsir fallegum tengslum við Ísland.

„Ég heiti Elvira Babich. Ég er 58 ára gömul. Ég ólst upp í Kyiv, höfuðborg Úkraínu. Ég útskrifaðist frá Flugverkfræðistofnuninni í Kyiv með sérhæfingu í vélaverkfræði fyrir viðhald sérhæfðra flutningatækja á flugvöllum.

Ég kom fyrst til Íslands haustið 2021 sem ferðamaður. Og ég kolféll fyrir þessu fallega landi.

Nokkrum mánuðum síðar, eða í febrúar 2022, braust stríðið út og ég hugsaði vel og lengi um hvert ég gæti flúið. Í júlí það ár kom ég til Íslands sem flóttamaður og sótti um vernd. Stjórnvöld veittu mér tímabundna vernd og fyrir það er ég mjög þakklát.

Hér á Íslandi hef ég fundið friðsæld. Móttökurnar hafa verið óvæntar og snert mig djúpt. Ég

hef upplifað ósvikna umhyggju og stuðning.

Á einum tímapunkti lenti ég í mjög erfiðum aðstæðum og leitaði til Rauða krossins á Akureyri. Þar var mér tekið opnum örmum og mér veitt hjálp og stuðningur. Fólkið þar er dásamlegt.

Ég hef alltaf verið mjög aktív og hef elskað íþróttir og iðkað jóga stærstan hluta ævinnar. Svo þegar starfsmaður hjá Rauða krossinum á Akureyri spurði mig hvort ég vildi verða sjálfboðaliði

”

**Að afloknum hverjum tíma fara allir út með bros á vör og meiri birtu í augunum!**

Þá tók ég því fagnandi. Frá því í desember árið 2024 hef ég leitt jóga tíma í húsnæði Rauða krossins í Viðjulundi á Akureyri. Þau sem mæta í tímana mína eru ekki aðeins frá Úkraínu heldur einnig fólk sem hingað hefur flúið frá öðrum löndum sem og Íslendingar. Þátttakendur hafa verið á aldrinum sextán til átta tíu ára!

Að afloknum hverjum tíma fara allir út með bros á vör og meiri birtu í augunum!

Ég er mjög þakklát Rauða krossinum fyrir að standa með okkur í þessu verkefni, útvega dýnur, kubba og teppi og hjálpa okkur að skapa þægilegt umhverfi.

Fólkið sem sækir tímana er sumt að stíga sín allra fyrstu skref í jóga. Svo fer það að koma reglulega. Þau eru mjög þakklát fyrir leiðsögnina og fyrir stuðning Rauða krossins. Í tímunum slaka þau á, losa um streitu, bæta líðan sína og finna fyrir auknum friði innra með sér og sáttt við allt og alla.

Að sjá hamingjusamt fólk gerir mig hamingjusama. Ég er þakklát Rauða krossinum og nálgun Íslands gagnvart okkur sem höfum flúið hingað. Rauði krossinn vinnur sannarlega mikið, faglegt og þýðingarmikið starf.

Eitt vil ég nefna að lokum: Miðað við eigin reynslu myndi ég gjarnan vilja sjá atvinnurekendur á



Íslandi ráða Úkraínumenn í fleiri og fjölbreyttari störf – ekki aðeins í störf hjá ræstingafyrirtækjum, á hótélum og veitingastöðum. Ég geri mér grein fyrir að stundum eru tungumálaerfiðleikar til staðar. En ég velti fyrir mér hvort atvinnurekendur gætu tekið fólk í vinnu til reynslu á öðrum sviðum atvinnulífsins. Þá gætu allir sýnt hvað raunverulega í þeim býr. Margir Úkraínumenn eru með háskólamenntun og hafa fleiri ára starfsreynslu. Þeir hafa mjög margt fram að færa og fá þeir tækifæri taka þeir sannarlega þátt í samfélaginu af mikilli virðingu og þakklæti.

Ég er orðin yfir mig ástfangin af Íslandi og fólkinu hér. Ég held að

”

**Úkraínumenn hafa mjög margt fram að færa og fá þeir tækifæri taka þeir sannarlega þátt í samfélaginu af mikilli virðingu og þakklæti.**

Þetta sé eitt af fáum löndum veraldar þar sem komið er fram við fólk af raunverulegri virðingu og umhyggju. Það er ekki bara eitt-hvað sem er sagt heldur eitthvað sem er sýnt í verki.“

## Fólk á flóttu

# Fólk er þakklátt tækifærinu að læra íslensku

Sjálfböðastarfið hjá Rauða krossinum hefur hjálpað kennaranum Svönu Daðadóttur að skilja betur hversu gott við Íslendingar höfum það. Hún hefur kennt íslensku, þrjónaskap og fatasaum og segir flóttafólkið sem sækir námið áhugasamt og þakklátt.

„Það sem hefur komið mér mest á óvart í sjálfböðaliðastörfum mínum er hversu fólk er áhugasamt og þakklátt fyrir að fá tækifæri til að læra tungumálið,“ segir Svana sem kennir flóttafólki íslensku á vegum Rauða krossins í Reykjanesbæ. Svana er menntaður kennari og starfaði sem slíkur mestan hluta starfsævinnar. Hún er 71 árs og hefur nú verið sjálfböðaliði hjá Rauða krossinum á Suðurnesjum í fimm ár.

„Mér finnst nauðsynlegt að þeir sem koma til landsins og ætla að búa hér læri málið,“ segir Svana. „Það er aðalástæða þess að ég bauð mig fram sem sjálfböðaliða við að kenna íslensku.“

Það eru þó ekki einu sjálfböðastörfin sem hún hefur sinnt fyrir félagið. Hún hefur einnig verið með kennslu í þrjónaskap og fatasaumi. Þær kennslustundir sóttu bæði konur og karlar, segir hún.

Flest þeirra sem sækja íslenskunámið eru flóttafólk, m.a. frá Úkraínu. „Ég held ég geti sagt að þeir sem koma í tímana eru mjög áhugasamir og flestir vilja halda áfram og læra meira,“ segir Svana.

Hún segir það enga spurningu að þau verkefni sem sjálfböðaliðar Rauða krossins halda úti fyrir fólk á flóttu, m.a. íslenskunámið, skipti



miklu máli, ekki aðeins fyrir þátttakendur heldur samfélagið allt.

„Að starfa sem sjálfböðaliði hefur gefið mér tækifæri til að kynna aðstæðum fólks sem flúið hefur hingað til Íslands og heyra sögur þeirra og um þær aðstæður sem það hefur lent í,“ segir Svana. „Ég mæli tvímælalaust með því að fólk sem getur og hefur tækifæri á að gerast sjálfböðaliðar geri það. Það þarf alls ekki að vera

menntað í einhverju. Þetta starf hefur hjálpað mér að heyra hvað við hér á landinu höfum það gott og ættum að vera þakklátari fyrir það.“

## Tölum saman

Að öðlast grunnkunnáttu í íslensku er ekki aðeins gagnlegt fyrir flóttafólk þegar kemur að inngildingu í íslenskt samfélag heldur er það líka valdeflandi. Það hefur sýnt sig að tungumálaörðugleikar eru ein stærsta hindrunin þegar kemur að því að komast inn á íslenskan vinnu- markað og sömuleiðis almennt inn í íslenskt samfélag. Að fá að spjalla á íslensku er mjög mikilvæg þjálfun og er einmitt meðal þess sem sjálfböðaliðar Rauða krossins gera með þátttakendum. Þetta starf Rauða krossins, þ.e. íslenskukennsla fyrir flóttafólk, er meðal þeirra verkefna sem félagið vill halda áfram að efla um land allt.

## Fólk á flóttu

Vena og leiklistarhópurinn sem setti í apríl á svið sýningu í Hljómahöllinni.



# Sköpunargleði getur hjálpað fólki að dafna

Listakonan Vena Naskrecca hefur frá árinu 2023 unnið sjálfboðastörf í ýmsum verkefnum á Suðurnesjum fyrir Rauða krossinn. Hún er fædd í Póllandi en hefur búið í öðrum löndum meira en hálfa ævina – og á Íslandi síðustu átta árin. Vena er menntuð á ýmsum sviðum lista, m.a. í leirlist og gjörningalist. Þessa breiðu og miklu menntun sem og reynslu af því að búa víða nýttist vel í störfum hennar í þágu mannúðar og náttúruverndar þar sem listsköpunin er með einhverjum hætti alltumlykjandi.

Vena stofnaði og rekur félagsamtökin Community for All, Samfélag fyrir öll, í Reykjanesbæ. Samhliða þeirri vinnu og sjálfboðaliðastörfunum leggur hún stund á myndlist með áherslu á

aðgengi og inngildingu. „Mikið af verkum mínum beinist að því sem er ósýnilegt, gleymt eða hunsað, svo sem mengun, hælisleitendum og fólki með fötlun. Þessir hópar eiga margt sameiginlegt og skarast á ýmsan hátt, sem ég held áfram að kanna í rannsóknum mínum og listsköpun.“

Hún segir það fyrst og fremst forvitni sem hafi rekið hana til Íslands. Maki hennar hafði fengið hér vinnu og eftir líf í stórborgum Evrópu þráði hún hreint loft og vatn. Til stóð að dvelja á Íslandi í eitt ár en hér eru þau enn – átta árum síðar. Staða heimsbólanna hafi átt þátt í þeirri ákvörðun að vera áfram. Þau telji sig örugg á Íslandi. „Þótt virkt eldfjall sé í nágrenninu finnst manni stundum að stjórnámamenn nútímans séu óútreiknanlegri en eldfjöll.“



Eftir komuna til Íslands tók hún fljótt eftir því að margir innflytjendur glíma við einangrun, tungumálaerfiðleika og að mynda félagsleg tengsl. „Þetta veitti mér innblástur til að taka þátt í samfélagsverkefnum sem styðja við inngildingu og vellíðan,“ segir hún. Reykjanesbær sé



## Fyrir mér er það oft eins og að heimsækja fjölskyldu að taka þátt í þessu starfi.

sérstaklega áhugaverður staður í þessu samhengi. Hann er einn af fjölmenningslegustu bæjum Íslands, þar sem fólk frá mörgum mismunandi löndum býr og starfar saman. „Þessi fjölbreytileiki gerir samfélagið líflegt en þýðir líka að margir koma án sterks tengslanets, sem aftur gerir það sérstaklega mikilvægt að skapa rými fyrir tengslamyndun.“

*Hvað varð til þess að Vena ákvað að gerast sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum?*

„Ég hef satt best að segja alltaf viljað deila reynslu minni og þekkingu,“ segir Vena. En ákveðin tilviljun réð því að Rauði krossinn varð fyrir valinu. Í tengslum við verkefni sem hún var að vinna að með innflytjendum kom hún í höfuðstöðvar félagsins í Reykjanesbæ og áður en hún vissi af var hún búin að bjóða sig fram til sjálfboðastarfa. „Þannig vinn ég einfaldlega, ég gríp tækifærin þegar þau gefast,“ segir hún.

Þetta var haustið 2023 og ekki leið á löngu þar til leiklistarsmiðja fyrir fólk á flóttu, sem hún leiðir enn með góðum stuðningi starfsmanns hjá Rauða krossinum, leit dagsins ljós. „Þetta þróaðist hratt og nú hefur leikhópurinn sett upp tvö leikrit og sýning á því þriðja er í undirbúningi.“

Leiklistarhópurinn og önnur verkefni sem Vena hefur tekið þátt í sem sjálfboðaliði fyrir Rauða krossinn hafa skipt miklu fyrir fólk sem tekið hefur þátt í þeim.

Rauði krossinn njóti trausts meðal flóttafólks og annarra sem eru í viðkvæmri stöðu vegna mannúðargilda félagsins. „Andrúmsloftið hjá Rauða krossinum er ávallt styðjandi og hvetjandi og öll eru velkomin,“ segir hún.

Í samvinnu Venu og Rauða krossins er fólk boðið að taka þátt í fleiri skapandi verkefnum, m.a. kórastarfi. Á mánudögum æfir kórinn, á laugardögum æfir leiklistarhópurinn og reglulega stendur hún einnig fyrir vinnustofum þar sem hreyfing, t.d. jóga, teikning, skapandi skrif og önnur listræn nálgun er höfð að leiðarljósi. „Í hverjum og einum hópi er áhersla lögð á að skapa öruggt rými fyrir fólk þar sem viðveru þess er fagnað og enginn upplifir fordóma.“

Þátttakendur í hópunum eiga það flestir sameiginlegt að hafa flúið til Íslands en bakgrunnur þeirra er oft ólíkur. „Þau eru á öllum aldri, allt frá 18 ára upp í sjötugt,“ segir Vena. Hún segir að annar sameiginlegur þráður margra sé að finna fyrir félagslegri einangrun og óvissu um framtíð sína. „Þau eru sum óörugg með stað sinn í samfélaginu.“ Ekki megi svo gleyma því að flóttafólk hefur margt hvert upplifað mikil áföll og saknar í ofanálag fólksins síns. „Markmiðið með vinnustofunum er að þátttakendur myndi tengsl og finnist þeir tilheyrast.“

Öll sköpun, hvort sem það er leiklist, söngur eða hreyfing, getur haft kraftmikil áhrif á líðan fólks og byggt upp sterkara, hlýrra og fallegra samfélag. „Þátttakendur í vinnustofunum öðlast aukið sjálfstraust þegar þeir koma fram eða tala fyrir framan aðra. Þeir mynda vináttubönd og félagsleg tengsl og efla ímyndunarafli sitt og skapandi hugsun.“

Í gegnum vinnustofurnar læri þátttakendur að leysa vandamál saman, stjórna tilfinningum og vinna með öðrum. Vinnustofurnar skapi enn fremur sterka tilfinningu fyrir því að tilheyra um leið og þær hjálpa fólki að uppgötva hæfileika sína. „Sumir þátttakendur segja að vinnustofurnar hafi hjálpað þeim að sigrast á kvíða og tjá sig frjálsglegar, á meðan aðrir segja að þær hafi bætt geðheilsu þeirra og hjálpað þeim að mynda vináttubönd.“

Vena segir sjálfboðastörf mjög gefandi og hafi hjálpað henni að finna sterkan tilgang. Hún hefur kynnst alls konar fólki og séð með eigin augum hvernig samfélagsverkefni geta haft jákvæð áhrif á líf fólks. „Þátttaka mín í sjálfboðastarfinu hefur styrkt trú mína á því að sköpunargleði geti hjálpað fólki að dafna. Ég er sjálf með ósýnilega fötlun og líður oft eins og ég sé utangarðs,“ útskýrir Vena. „Ég hef líka upplifað einangrun eins og margir þátttakendurnir. Kannski er það þess vegna sem við vinnum svona vel saman.“

Vena hvetur fólk eindregið til að gerast sjálfboðaliðar hjá Rauða krossinum. „Þannig getur það tekið þátt í því að byggja upp samfélagið. Sjálfboðaliðar geta skipt sköpum í því að rjúfa félagslega einangrun fólks og hjálpa því að finnast það velkomið.“

Persónulegri reynslu sinni af sjálfboðastarfinu lýsir hún svona: „Fyrir mér er það oft eins og að heimsækja fjölskyldu að taka þátt í þessu starfi og að sjá jákvæð viðbrögð frá þátttakendum er ein mesta umbunin. Ég hef eignast vini og lært heilmikið af þátttakendum um menningu þeirra, sögu og hefðir. Ég lít ekki á sjálfa mig sem kennara heldur frekar sem leiðbeinanda sem skapar rými þar sem aðrir geta vaxið og dafnað.“

# Orðræða valdhafa hríslast niður í eldhúskróka landsmanna

Það hefur margsinnis verið sýnt fram á að það borgar sig efnahagslega að taka vel á móti flóttafólki sem og öðrum innflytjendum,“ segir Nína Helgadóttir sem leiðir málsvarastarf Rauða krossins. Hún segir það vera að koma í bakið á okkur núna að hafa ekki mótað stefnu í málefnum innflytjenda og elft innviði á borð við íslenskukennslu. „Og því miður er eins og flóttafólk sé eitt gert að blóraböggli fyrir það sem aflaga fer eða upp á vantar.“

Nína hefur mikla reynslu af starfi fyrir Rauða krossinn hér heima og erlendis og féllst á að svara nokkrum grundvallarspurningum um málsvarastarf félagsins.

*Af hverju sinnir Rauði krossinn málsvarastarfi og hvað felur það í sér?*

„Rauði krossinn á Íslandi og hreyfingin öll taka málstað þeirra sem minna mega sín hverju sinni. Þetta starf er bundið í stefnu okkar til 2030 og getur falið margt í sér, til dæmis að vekja athygli á báguum aðstæðum fólks með það að markmiði að breyta þeim og tryggja að réttindi þeirra séu virt. Þetta er líka gert með umfjöllun í fjölmiðlum, greinaskrifum, umsögnum um þingmál, málþingum, fræðslu og beinum viðræðum við stjórnvöld. Þannig er reynt að vinna að betri aðstæðum skjólstaðinga til lengri tíma og gerir vonandi sérstök verkefni í þeirra þágu óþörf með tímanum.

Undanfarið hefur málsvarastarfið mikið snúist um farendur og flóttafólk. En við sinnum einnig málsvarastarfi tengdum



Nína Helgadóttir á málþingi Rauða krossins um grunnildi hreyfingarinnar í desember 2025. Þar var m.a. fjallað um stöðu fólks á flótta og hvernig mannúðin þarf að vera í forgrunni alls starfs með því.

öðrum verkefnum félagsins svo sem hlutverki okkar í almannavörnum, þróunarsamvinnu og hjálparstarfi erlendis, og skjólstaðingum er búa við félagslega einangrun, eru að ljúka afpláun og svo mætti áfram telja.“

*Ef þú horfir yfir síðasta ár – hvað stendur upp úr í umræðu, áformum og ákvörðunum hins*

*opinbera þegar kemur að farendum sem hingað koma?*

„Orðræðan er mun neikvæðari en áður, sérstaklega í garð fólks á flótta, þrátt fyrir aukin stríðsátök, sem margir bandamanna okkar eiga drjúgan hlut í, og reka fólk á flótta. Hafandi það í huga er dapurlegt að sjá sífellt þrengt að möguleikum á umsóknum um vernd, endurnýjun dvalarleyfa

## UMSAGNIR ÁRSINS 2025

Rauði krossinn stendur að málsvarastarfi fyrir þau sem verst standa í samfélaginu hverju sinni og aðrir sinna ekki sem og varðandi málaflokka félagsins. Félagið einsetti sér að vinna að auknu umburðarlyndi og bættu aðgengi nýrra íbúa að samfélaginu og inngildingum.

Rauði krossinn lét sig eftirfarandi þingmál varða á árinu 2025, ritaði umsagnir og talaði fyrir afstöðu félagsins varðandi:

- Áform um framkvæmdaáætlun í málafnum innflytjenda
- Drög að lögum um lokaða brottfararstöð
- Lagafrumvarp um lokaða brottfararstöð
- Breytingar á lögum um útlendinga m.a. um afturköllun verndar og niðurfellingu tímafrests við afgreiðslu umsókna
- Aðgerðaráætlun í málafnum hinsegin fólks
- Stefnu í varnar- og öryggismálum, ásamt félagasamtökum í þróunarsamvinnu
- Fjárlög 2025, ásamt félagasamtökum í þróunarsamvinnu
- Ný heildarlög um almannavarnir

og sameiningu fjölskyldna. Eins hefur þjónusta hins opinbera við þennan hóp verið skert umtalsvert sem getur haft áhrif á velferð fólks.

Um leið og mörkin eru færð til af fólki í valdastöðum sem leyfir sér fordómafulla orðanotkun þá hríslast það niður í eldhúskróka, kaffistofur og á skólalóðirnar og þar verða manneskjur, sumar á barnsaldri, fyrir þessum meiðandi orðum. Og það er afar varasamt fyrir samloðun og farsæld samfélagsins ef hluti íbúanna upplifir sig jaðarsettan. Það kemur okkur öllum illa þegar fram í sækir.“

*Varðandi brottfararstöð fyrir fólk á flóttu: Hvaða gagnrýni hefur Rauði krossinn sett fram á þau áform?*

„Við höfum ítrekað að það er aldrei sagnæmt að sækja um vernd og því eigi frelsi að vera viðmiðið. Þau sem sækja um vernd en er synjað um hana hafa ekki brotið neitt af sér og ætti því ekki að loka inni. Börn ætti aldrei að loka inni, sama hversu stuttur tími það er. Það tíðkast víða að nýta margs kyns vægari úrræði sem hafa gefist vel og eru margfalt ódýrari fyrir ríkið.

Stjórnvöld hér vilja gjarnan miða sig við Norðurlöndin þegar verið er að þrengja reglur og herða. Það er hins vegar margt gert vel þar sem kosið er að líta framhjá. Mörg nágrannalönd gera vel í inngildingarmálum. Svo má nefna að Danir eru með fjölda brottfararstöðva sem eru opnar, hvort sem er fyrir fullorðna einstaklinga eða börn og fjölskyldur þeirra. Þá vekur skortur á eftirliti með áætlaðri starfsemi hér áhyggjur og eins að ekki er gert ráð fyrir aðgengi félagasamtaka sem geta sinnt bæði afþreyingu og sálfélagslegum stuðningi fyrir þau sem ætlað er

”

**Um leið og mörkin eru færð til af fólki í valdastöðum sem leyfir sér fordómafulla orðanotkun þá hríslast það niður í eldhúskróka, kaffistofur og á skólalóðirnar og þar verða manneskjur, sumar á barnsaldri, fyrir þessum meiðandi orðum.**

að vista þarna. Það er ýmislegt fleira athugavert eins og við höfum bent á í umsögnum okkar.“

*Þú hefur starfað lengi hjá Rauða krossinum og að málefnum fólks á flóttu. Hefur umræðan breyst hér á landi?*

„Já, hún hefur breyst, er neikvæðari á margan hátt og ég tel að það sé margt sem spilar þar inn í. Bæði er það að innflytjendasaga okkar er stutt en mjög hröð og eins að lengst af var enginn áhugi meðal stjórnmalafólks á málefnum innflytjenda eða flóttafólks. Lítið sem ekkert var hugað að langtíma-stefnumótun hvað þau varðar og breyttrar samsetningar þjóðarinnar.

En eftir að fólk í leit að vernd fjölgaði á tímabili, reyndar um leið og innflytjendum sem atvinnulífið hefur kallað hingað, er ljóst að margir hafa áhyggjur af þróuninni. Og því miður er eins og flóttafólk sé eitt gert að blóraböggli fyrir það sem aflaga fer eða upp á vantar, þó að það sé aðeins brot af íbúum af erlendum uppruna hér á landi.

”

**Svo má ekki gleyma því hvað samfélagið okkar græðir á því að fá nýtt fólk til landsins, það er gríðarlegur mannauður sem við fáum.**

Það kemur því núna í bakið á okkur sem samfélagi að hafa ekki mótað stefnu til langs tíma í málefnum allra innflytjenda, eftt innviði og bætt jafnt og þétt í þennan málaflokk eins og til dæmis íslenskukennslu fyrir nýja íbúa. Innflytjendur hér eru með mun lakari kunnáttu í þjóðtungunni en

tíðkast í nágrannalöndum okkar eins og fram kom í nýlegri skýrslu OECD. Það er ekki hægt að segja bara að fólk nenni ekki að læra málið, heldur vantar innviðina, menntaða kennara, námsefni, framboð námskeiða við hæfi og fleira.

Nú er flestum ljóst að þessu þarf að breyta en það verður flóknara þegar á að laga allt á stuttum tíma og erfiðara að finna fjármagn til þess. Eins teljum við að það mætti vera mun skýrara skipulag varðandi inngildinguna og þá flóttafólks sérstaklega, svo sem með betra framboði af vel skilgreindum námskeiðum í íslensku um réttindi og skyldur, samfélags- og menningartengd málefni sem þau tækju í byrjun búsetu sinnar hér. Eins að þau fengju góðan stuðning í byrjun í samræmi við aldur og aðstæður hvers og eins.

Svo má ekki gleyma því hvað samfélagið okkar græðir á því að fá nýtt fólk til landsins, það er gríðarlegur mannauður sem við fáum. Það hefur margsinnis verið sýnt fram á að það borgar sig efnahagslega að taka vel á móti flóttafólki, sem og öðrum innflytjendum, sem flestir hafa þegar menntað sig og taka þátt í vinnumarkaðinum. Og mörg eru að gera stórkostlega hluti hér og auðga með því samfélagið.

Við verðum líka að muna að þau sem koma hingað erlendis frá eru ekki bara vinnukraftur heldur manneskjur með öllu sem því fylgir. Mun breiðari samfélagsleg þátttaka í að taka á móti nýju fólki þarf að eiga sér stað, þar þurfum við öll að leggja lið og ekki síst er þátttaka atvinnurekenda gríðarlega mikilvæg,“ segir Nína að lokum.

## Palestínskir sálfræðingar fræddu Íslendinga

Í september 2025 tók Rauði krossinn á móti tveimur sálfræðingum, Dr. Fathy Dar Youssef og Despínu Costandinides frá Palestínu, í heimsókn til Íslands. Heimsóknin var skipulögð í samstarfi við Reykjavíkurborg, með fjárhagslegum stuðningi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu, félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, heilbrigðisráðuneytinu, Reykjavíkurborg, Reykjanesbæ, Hafnarfjarðarbæ, embætti ríkislögreglustjóra og Rauða krossinum.

Sálfræðingarnir miðluðu bæði af sinni faglegu sérþekkingu og persónulegu reynslu í þéttri



dagskrá í heimsókn sinni, en þau héldu málstofu í Norræna húsinu, vinnustofur fyrir



þjónustuaðila, viðburði fyrir fólk frá Palestínu, auk þess sem þau mættu í viðtal í Kastljósi.

# Þúsundir fengu sálrænan stuðning og hjálp

Árið 2025 var 1.728 sinnum haft samband við 1717, Hjálparsíma Rauða krossins, vegna sjálfsvígshugsana sem er oftast en nokkru sinni áður. Árið 2024 voru slík samtöl 1.035 talsins og er aukningin milli ára því 67%. Starfsmenn og sjálfboðaliðar sem svara í 1717 höfðu samband við Neyðarlínuna í 229 tilvikum. Þá var staðan metin þannig að viðkomandi væri að líkindum í lífshættu og þyrfti á bráðri aðstoð að halda.

Heildarfjöldi samtala árið 2025 var 20.233. Álíka margir hafa samband símleiðis og í gegnum netspjallið 1717.is. Af samtölum þar sem aldur var gefinn upp var 21 prósent frá einstaklingum yngri en 18 ára. Í 278 tilvikum sneru þau að sjálfsvígshugsunum og 103 sinnum er sjálfskaði skráður sem ástæða samtals. Ungt fólk á aldrinum 19-25 ára hafði 248 sinnum samband vegna sjálfsvígshugsana og 103 sinnum vegna sjálfsskaða. Hafa ber í huga að

”

**Var hrædd um að vera dæmd, svo reyndist ekki.**

Skjólstæðingur 1717

stundum eru fleiri en ein ástæða fyrir hverju samtali.

Helsta ástæða samtala við börn undir 18 ára er almenn vanlíðan en oft nefna þau einnig ofbeldi, þar á meðal stafrænt, kvíða, sjálfsskaða og félagslega einangrun.


Hjálparsími Rauða krossins 1717 og netspjallið 1717.is gegna því hlutverki að veita sálrænan stuðning, virka hlustun og ráðgjöf um samfélagsleg úrræði til fólks á öllum aldri. Starfsfólk og sérþjálfaðir sjálfboðaliðar sinna svörum. Hægt er að leita til Hjálparsímans allan sólarhringinn og þjónustan er gjaldfrjál.

## Sálræn fyrsta hjálp á netinu

Netnámskeið um sálræna fyrstu hjálp (Psychological first aid) á íslensku kom út á árinu. Markmið námskeiðsins er að kynna fyrir starfsfólki og sjálfboðaliðum



**Það hjálpar að deila líðan sinni með öðrum. Við erum alltaf til í að hlusta.**



**HEILDARFJÖLDI SAMTALA VAR 20.233**



## **1.728 SINNUM VAR HAFT SAMBAND VEGNA SJÁLFSVÍGS- HUGSANA**

Rauða krossins auk almennings hugtök sálrænnar fyrstu hjálpar og leiðir til að vera til staðar fyrir aðra á erfiðum tímum, svo sem í neyðaraðstæðum þar sem fólk upplifir mikla angist. Einnig að stuðla að færni til að veita sálræna fyrstu hjálp í margs konar aðstæðum og efla meðvitund um mikilvægi sjálfsræktar þegar verið er að styðja fólk í uppnámi. Öll geta nálgast námskeiðið á námsvef Rauða krossins og tekið það sér að kostnaðarlausu.

### **Nýtt samkomulag**

Nýtt samkomulag um sálfélagslegan stuðning í skipulagi almannavarna var undirritað til næstu fimm ára (2025-2030). Samráðshópar eru skipaðir fulltrúum frá Rauða krossinum, heilbrigðisstofnunum, sveitarfélögum, kirkju og lögreglu í hverju



**Mjög næs ráðgjafi sem reyndi sitt allra besta að hjálpa mér.**

Skjólstaðingur 1717

umdæmi fyrir sig. Þar er unnið að kortlagningu, upplýsingagjöf og fræðslu um áfallamál auk þess að gera áætlun í samstarfi



## **Í 229 TILVIKUM HÖFÐU RÁÐGJAFAR 1717 SAMBAND VIÐ NEYÐARLÍNUNA**

við aðgerðastjórn almannavarna í umdæminu um hvernig áfallastuðningur færir yfir til þjónustuaðila á viðkomandi svæði.

### **Átaksverkefni fyrir flóttafólk frá Úkraínu**

Átaksverkefni í sálrænum stuðningi við flóttafólk frá Úkraínu lauk í lok árs 2025. Verkefnið hófst í ársbyrjun 2023 en Rauði krossinn fékk þá um 100 milljóna króna styrk frá EU4Health, heilbrigðisáætlun Evrópusambandsins. Styrkurinn var hluti af samstarfsverkefni 28 Rauða kross landsfélaga í Evrópu, með

það markmið að mæta aukinni þörf fyrir sálrænan stuðning sem skapaðist í kjölfar átakanna í Úkraínu.

Rauði krossinn á Íslandi náði öllum helstu markmiðum verkefnisins og gott betur. Rúmlega 5.000 þjónustusnertingar náðust á verkefnatímanum, bæði við veitingu sálrænnar fyrstu hjálpar og með þátttöku í ýmsum sálfélagslegum verkefnum.

Á verkefnatímanum fengu 1.758 manns þjálfun í sálrænum stuðningi, þar á meðal fengu rúmlega 500 kennarar og annað skólastarfsfólk þjálfun í sálrænni fyrstu hjálp fyrir börn. Um 509 starfsmenn og sjálfboðaliðar fengu stuðning í formi sálfélagslegs stuðnings eða handleiðslu.

Í upphafi var verkefnið aðallega unnið á höfuðborgarsvæðinu en í nóvember 2024 var verkefnið útvíkkað til Norðurlands og einnig voru námskeiðin í sálrænum stuðningi haldin víða um land.

## Félagsleg verkefni

# Vaxandi vinsældir vinaverkefnanna

**H**in fjölbreyttu vinaverkefni Rauða krossins uxu og döfnuðu á árinu og vel yfir 250 pör hittust reglulega. Verkefnin náðu þó til mun fleira fólks því á nokkrum stöðum á landinu eru verkefnin útfærð í heimsókn-um til hópa. „Parið“ telur þá oft mun fleiri en tvo.

Félagsleg verkefni Rauða krossins, sem kölluð eru vina-verkefni í daglegu tali, hafa það að markmiði að styrkja og efla félagslega þátttöku einstaklinga og vinna gegn félagslegri einangrun. Verkefnin byggja á því að skapa rými fyrir félagsskap, nærveru og hlýju og veita þátttakendum tækifæri til að tengjast öðrum á sínum forsendum.

Sjálfbóðaliðar sinna félagslegu verkefnunum um allt land og skipta þeir fleiri tugum. Mikilvægt er að sjálfbóðaliðar fái verkfæri og þekkingu til að takast á við verkefni sín af öryggi. Þeir fá þjálfun og góðan stuðning frá starfsfólki Rauða krossins sem einnig heldur utan um alla þræði verkefnanna, s.s. að halda nýliðanámskeið, para gestgjafa og sjálfbóðaliða og fylgja málum eftir með viðtölum við báða aðila.

### Einangrun rofin

Vinaverkefnin eru margs konar. Á höfuðborgarsvæðinu eru þau eðli málsins samkvæmt fjölbreyttust og á árinu voru þar starfrækt fimm verkefni: heimsóknarvinir, gönguvinir, símavinir, hundavinir og tónlistarvinir. Hjá höfuðborgardeild Rauða krossins, sem heldur utan um verkefnin á svæðinu, hefur áhersla verið lögð á að ná til yngra fólks, bæði meðal sjálfbóðaliða og gestgjafa, auk þess sem umsóknur frá erlendum ríkisborgurum og




Helga og Ágústa tengdust í gegnum vinaverkefni Rauða krossins. Þær sögðu frá verkefninu og vináttunni í Kastljósi.



**YFIR 250 PÖR HITTUST  
REGLULEGA**

einstaklingum með fjölþættan vanda hefur fjölgað. Í árslok voru 197 vinapör á svæðinu en einstaklingarnir sem þau náðu til voru þó mun fleiri.

Á Norðurlandi eru heimsóknarvinir og hundavinir eftirsóttustu verkefnin að taka þátt í. Á árinu 2025 voru 52 vinapör í verkefninu hjá Eyjafjarðardeild Rauða krossins. Skjólstæðingarnir sem þeirra njóta eru þó mun fleiri enda heimsækja flestir sjálfbóðaliðarnir stór heimili, t.d. hjúkrunarheimili og skóla- og skammtímavistun



Sanna heimsækir börnin á Barnaspítala Hringins ásamt eiganda sínum, Birnu.

fyrir börn. Meirihluti skjólstæðinga er eldra fólk sem býr heima hjá sér, en vaxandi hluti þeirra er félagslega einangrað yngra fólk sem oft á við geðrænar áskoranir að stríða.



Sóley, starfsmaður Rauða krossins, ásamt Hafdísí Öldu, Árdísí, Mistý og Svandísí á vínafundi á Dalvík.

Þrjú vínahópar voru starfræktir á Eyjafjarðarsvæðinu á árinu. Í Ólafsfirði hittist hópur tvisvar í viku þar sem fólk kemur saman og spjallar, flokkar og selur föt og fæst við handavinnu. Um er að ræða virkniverkefni þar sem þátttakendur fá tækifæri til að vinna þau störf sem þeir treysta sér til eða bara fá sér kaffi, hitta annað fólk og taka þátt í uppbyggilegu spjalli.

Í upphafi árs var farið af stað með vínahópsverkefni á Dalvík. Verkefnið gengur vel og má það þakka hversu vel hefur gengið að fá öfluga sjálfbóðaliða til starfa. Þriðji hópurinn er þrjónahópur á Akureyri sem þrjónar fatnað fyrir verslanir deildarinnar en selur einnig afraksturinn á mörkuðum á Glerártorgi og Ráðhústorginu.

Á Suðurnesjum er mánudagskaffi fyrir Grindvíkinga umfangsmesta



Heimsóknarhundurinn Logi slær í gegn hvert sem hann fer með Sunnu, eiganda sínum.

félagslega verkefnið. Sex sjálfbóðaliðar sinntu kaffinu árið 2025

og náði það til 512 manns. Verkefnið er byggt upp sem félagsstuðningur með spjalli og kaffi. Ýmis fræðsla var í boði og haldnar voru söngstundir.

### Hundarnir eftirsóttir vinir

Vinsældir hundavina hafa aukist hratt og er það verkefni nú orðið það stærsta af félagslegum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu. Segja má þó að eftirspurn eftir öllum verkefnum, alls staðar þar sem upp á þau er boðið, fari vaxandi. Vel hefur gengið að fá sjálfbóðaliða inn í vínaverkefnið.

Ánægju- og þjónustukönnun sem gerð var á höfuðborgarsvæðinu sýnir að bæði sjálfbóðaliðar og gestgjafar hafa jákvæða upplifun af vínaverkefnum. Um 85% gestgjafa sem tóku þátt í könnuninni sögðu að verkefnið hefði dregið úr einmanaleika og félagslegri einangrun.

## Aðstoð eftir afplánun

# Konukvöld og hundavinir á Hólmsheiði

Tæplega 30 sjálfboðaliðar tóku á árinu þátt í verkefninu Aðstoð eftir afplánun sem er á vegum höfuðborgardeildar Rauða krossins. Sjálfboðaliðarnir heimsækja einstaklinga í afplánun í fangelsunum á Hólmsheiði, Sogni og Litla-Hrauni en einnig hitta þeir einstaklinga sem hafa nýlokið afplánun.

Verkefnið miðar að því að styðja við fólk sem er í eða hefur nýlokið afplánun með mannúðlegum og persónulegum stuðningi. Verkefnið byggir á gildum Rauða krossins um virðingu fyrir manngri reisn og félagslega þátttöku og er mikilvægt framlag til þess að draga úr jaðarsetningu og stuðla að farsælli endurkomu í samfélagið.

Á árinu fóru starfsmenn og sjálfboðaliðar mánaðarlega í heimsóknir í fangelsin á Litla-Hrauni, Sogni og Hólmsheiði til að kynna verkefnið með það að markmiði að mynda traust og halda tengslum. Lögð var sérstök áhersla á markvissa eftirfylgd með bæði þátttakendum og sjálfboðaliðum, enda skiptir stöðugur stuðningur og gott utanumhald miklu máli fyrir árangur til lengri tíma.

Verkefnið nýtur mikils trausts og áhuga og hefur gengið vel að virkja sjálfboðaliða. Á árinu voru 26 virkir sjálfboðaliðar í fjölbreyttum hlutverkum.

### Konukvöld dýrmæt viðbót

Í september bættist við nýr þáttur í verkefninu sem kallast Konukvöld á Hólmsheiði. Fangelsiskerfið er að mestu mótað með þarfir karla í huga og konur í afplánun eru í minnihluta, sem getur leitt til aukinnar



Marianna Magnúsdóttir með heimsóknarhundinn Tindru í fanginu og Benedikt Andrason og hundur hans Kasper.

einangrunar og færri tækifæra til félagslegrar virkni. Konur í afplánun eiga oft við flókinn félags- og heilbrigðisvanda að etja og í afplánun eru takmörkuð tækifæri til félagslegrar virkni.

Konukvöldin eru haldin vikulega þar sem tveir sjálfboðaliðar mæta

í fjórar klukkustundir í senn og bjóða upp á fjölbreytta dagskrá með áherslu á vellíðan, sjálfsumhyggju, sálfélagslegan stuðning og jákvæða samveru. Sjálfboðaliðahópurinn samanstendur af tíu konum ásamt verkefnastjóra sem sér um skipulag og utanumhald verkefnis. Dagskráin er mótuð í nánú samráði við



Sigríður Birna sjálfboðaliði og Theodóra fangavörður undirbúa konukvöld.

konurnar sjálfar, í anda virks notendasamráðs.

Konukvöldin hafa reynst mikilvæg og þörf viðbót en í þeim er skapað öruggt rými þar sem konur geta styrkt sjálfsmynd sína og byggt upp jákvæð félagsleg tengsl.

### Hundaheimsóknir á Hólmsheiði

Á árinu hófust einnig hundaheimsóknir á Hólmsheiði í samstarfi við Fangelsismálastofnun og félagsverkefni Rauða krossins. Markmiðið er að bjóða upp á fjölbreyttari sálfélagslegan stuðning þar sem margir einstaklingar tengja sérstaklega við dýr og upplifa ró, öryggi og gleði í samskiptum við hunda.

Hundaheimsóknir geta dregið úr streitu, aukið vellíðan og stutt við andlega heilsu, á sama



Ég trúí því að þær komi betri út í samfélagið, sagði Theodóra Fanndal Torfadóttir, staðgengill varðstjóra á Hólmsheiði, um konukvöld Rauða krossins.

tíma og þær hvetja til jákvæðrar samveru og veita tilfinningalega tengingu sem getur verið erfitt fyrir suma að ná í mannlegum samskiptum.

Hundaheimsóknirnar hafa reynst jákvæð viðbót við starfið og undirstrika mikilvægi þess að hafa fjölbreytt úrræði til að mæta ólíkum þörfum fólks.

## Aðstoð eftir afplánun

# „Okkur vantar ekki flottara dót, bara dýpri tilgang“

**A**ð vera sjálfboðaliði gefur fólki sterkari tilgang í lífinu og góðar minningar,“ segir Ægir Þór Steinarsson, sjálfboðaliði í verkefninu Aðstoð eftir afplánun. Meðal þess sem hann gerir er að kynna verkefnið fyrir föngum á Sogni og Litla-Hrauni.

Ég ákvað að gerast sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum því ég er kominn á þann stað í lífinu að ég vil gefa meira til baka,“ segir Ægir Þór, 46 ára Selfyssingur sem hefur gefið vinnu sína í verkefninu Aðstoð eftir afplánun, sem Rauði krossinn heldur úti, í að verða tvö ár. „Ég náði sjálfur að hætta neyslu fyrir um 17 árum síðan en hefði mjög auðveldlega geta verið skjólstæðingur Rauða krossins í dag en ekki sjálfboðaliði.“

Ægir Þór var framkvæmdastjóri heilsutæknifyrirtækisins Retina-Risk þar til nýverið og starfar nú sem sjálfstæður ráðgjafi. Reglulega fer hann svo á fund fólks sem er að afplána dóma í fangelsum og kynnir það fyrir verkefninu Aðstoð eftir afplánun. Hjá flestum sjálfboðaliðum verkefnisins snýst starfið um að vera tengiliður og félagi einstaklings sem er við það að ljúka afplánun eða hefur nýverið lokið henni. Þar sem Ægir býr á Selfossi er það hans hlutverk í verkefninu að heimsækja bæði Litla-Hraun og Sogn ásamt starfsmanni Rauða krossins og bjóða föngum að skrá sig til þátttöku í verkefninu. „Ég tala líka spænsku og það hefur nýst mjög vel til að ná til þeirra fanga sem tala hvorki ensku né íslensku.“

Áður en Ægir hóf sjálfboðaliðastörfin fékk hann góðan



undirbúning hjá Rauða krossinum. Hann sótti námskeið hjá félaginu og fékk einnig kynningu frá hagsmunaaðilum sem tengjast inn í endurhæfingu fanga.

„Það eykur líka lífsgæði að hafa sterkari tilgang í lífinu og vera í þjónustu við aðra og axla stærri ábyrgð á samfélaginu í kringum okkur,“ segir Ægir um sjálfboðin störf líkt og þau sem hann sinnir fyrir Rauða krossinn. „Það væri gott ef mín nærvera í verkefninu Aðstoð eftir afplánun gæti fengið fólk til að sjá að það er svo sannarlega hægt að lifa lífi án deyfingar. Mögulega get ég komið einhverjum verkfærum áfram til þeirra sem óska eftir því. Fólk vill bara komast út úr þessu og koma lífi sínu á réttan kjöl en skortir yfirleitt verkfærin til þess. Tilvist verkefnisins er svar við því úrræðaleysi sem ríkir við lok afplánunar.“

”

**Að vera sjálfboðaliði gefur fólki sterkari tilgang í lífinu og góðar minningar.**

Það hefur komið honum á óvart hversu vel fólk í afplánun tekur í verkefnið Aðstoð eftir afplánun. Nú sé það orðið betur þekkt, „og það er orðið samþykkt meðal fanga, ef svo má segja, að taka þátt í því“.

Hann segist „svo sannarlega“ mæla með því að gerast sjálfboðaliði í einhverju verkefna Rauða krossins. „Að vera sjálfboðaliði gefur fólki sterkari tilgang í lífinu og góðar minningar. Okkur vantar nefnilega ekki flottara dót, bara dýpri tilgang.“

# Breytt og bætt umhverfi fatasöfnunar

Fataverkefni

Haldnir voru tveir kílómarkaðir í flokkunarstöðinni í Skútuvogi.

Safnað, flokkað, selt eða sent. Þetta eru grunnþættir í fataverkefnum Rauða krossins sem rekin eru á höfuðborgarsvæðinu, á Eyjafjarðarsvæðinu og á Suðurnesjum. Auk þess eru Rauða kross verslanir víðar um landið. Að verkefninu koma tugir sjálfbóðaliða sem ekki aðeins standa vaktir í verslunum heldur taka á mótí textíl í tonnavís og flokka gaumgæfilega. Þannig öðlast flíkur landsmanna ýmist framhaldslíf í klæðaskápum annarra, nýtt hlutverk í formi t.d. tuska, eða eru sendar erlendis til endurvinnslu.


## Höfuðborgarsvæðið

Breytingar urðu á fatasöfnun Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu á árinu og enn frekari breytingar eru fyrirhugaðar. Í stað þess að fá mikið magn í gámum frá Sorpu til flokkunar eins og verið hefur undanfarin ár var

fatakössum félagsins fjölgað og komið upp við valdar Bónusverslanir í nóvember. Áhersla hefur verið lögð á að textíl sem þangað er settur sé heill og hreinn og hefur sú brýning skilað sér ágætlega. Vonir standa til að hægt verði að setja kassa við fleiri verslanir í náinni framtíð.

Söfnun á textíl hélt þó einnig áfram í samstarfi við Sorpu út árið og var tekið við 1-2 gámum á viku. Úr þeim var flokkað ræki-lega líkt og úr söfnunarkössunum og úrvalið selt í verslunum sem eru þrjár í Reykjavík.

Ljóst er að ónýtt tækifæri eru í sölu á notuðum fötum þar sem vitundarvakning hefur orðið varðandi endurnýtingu, textílsóun og neikvæð áhrif offramleiðslu á ódýrri hraðtísku. Vinna hófst á árinu við að leita nýrra og spennandi leiða til að auka




**SALAN Í RAUÐA-KROSSBÚÐUNUM Í REYKJAVÍK JÓKST UM 2% MILLI ÁRA**

aðgengi að notuðum fötum og textíl.

## Eyjafjarðarsvæðið

110 sjálfbóðaliðar störfuðu við fataverkefnið hjá Eyjafjarðardeild Rauða krossins á árinu. Verkefnið er enda útbreitt á svæðinu og eru



## HEILDARTEKJUR AF FATASÖLU EYJA- FJARÐARDEILDAR VORU RÚMLEGA **40 MILLJÓNIR**

Sjálfboðaliðar í því að safna, flokka og selja á Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði.

Frá upphafi árs var verkefnið starfrækt samkvæmt lögum sem gera sveitarfélögum skylt að halda úti sérstakri söfnun á textíl. Við lok árs 2024 gerðu Rauði krossinn við Eyjafjörð og Akureyrarbær með sér samkomulag um söfnun, flokkun og sölu á textíl og í upphafi þessa árs var samið við Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð um sambærilega þjónustu.

Fatnaður og annar nýtilegur textíll er seldur í þremur verslunum Rauða krossins á svæðinu en einnig er markaður haldinn reglulega í húsnæði deildarinnar á Akureyri. Því til viðbótar hefur verið efnt til pop-up markaðar með þrjónavörur á Ráðhústorginu á sumrin og Glerártorgi á veturna.

Alls voru þrettán 40-feta gámar fullir af textíl sendir erlendis til endurvinnslu sem samsvarar 150 tonnum af fatnaði.

Reynt er að nýta það sem safnast sem mest innanlands. Þannig fær Bjarg/lðjulundur bómullarefni til

Tugir sjálfboðaliða bera hitann og þungann af fataverkefninu á Eyjafjarðarsvæðinu. Lárus Sigurðsson er einn þeirra.



Ákveðið var að hanna nýtt útlit á söfnunarkassana á höfuðborgarsvæðinu.

að framleiða olíuklúta. Gleraugum er safnað og þeim komið til Kiwanis og lögreglan og bráðamóttakan fá reglulega fatnað til að gefa sínum skjólstæðingum. Talsvert var svo sent af fatnaði til Rauðakrossdeilda utan Eyjafjarðar.



## **14 SJÁLFBODALIÐAR MÖNNUÐU RAUÐA- KROSSBÚÐINA Í REYKJANESBÆ**

### **Suðurnes**

Mikil breyting varð á árinu á fataverkefninu hjá Suðurnesjadeild Rauða krossins. Allir fatagámar félagsins voru fjarlægðir og er það nú í höndum sveitarfélaga að taka á móti textíl á svæðinu. Til stendur að setja fatagáma á allar grenndarstöðvar en eins og staðan er núna tekur Kalka á móti öllum textíli.

Suðurnesjadeildin hefur í þessu millibilsástandi fengið flokkaðan fatnað frá Rauða krossinum í Eyjafirði sem hefur reynt mikilvægt fyrir verslun félagsins í Reykjanesbæ.

Drátt fyrir áskoranir árið 2025 hafa fjórtán sjálfboðaliðar mætt með bros á vör þannig að unnt hefur verið að halda búðinni opinni.

Unnið er að því í samstarfi við sveitarfélögin á Suðurnesjum og sönreyðingarstöðina Kólku að finna lausn á hvernig best sé að haga fatasöfnun á svæðinu til framtíðar.



Nýr sendibíll var keyptur fyrir fataflokkunina á höfuðborgarsvæðinu.

## Fataverslanir

### Rauða krossins á Íslandi



- Akureyri** - Viðjulundur 2
- Blönduós** - Húnaþraut 13
- Borgarnes** - Borgarbraut 57
- Dalvík** - Hafnarbraut 7
- Djúpivogur** - Bakki 3
- Egilsstaðir** - Dynskógar 4
- Húsavík** - Vallholtsvegur 9
- Ólafsfjörður** - Strandgata 23
- Patreksfjörður** - Bjarkargata 11
- Reykjanesbær** - Smiðjuvellir 8
- Reykjavík** - Laugavegur 12, Mjódd og Kringlan
- Sauðárkrúkur** - Aðalgata 10
- Selfoss** - Eyravegur 23
- Skagaströnd** - Vallarbraut 4
- Stöðvarfjörður** - Fjarðarbraut 48
- Þórshöfn** - Félagsaðstaða eldri borgara

## Fjáröflun og kynningarmál



# Viðlagakassi og mjúkir vinir

**M**erkjum Rauða krossins var rækilega haldið á lofti á ýmsum opinberum vettvangi árið 2025. Blásið var til nokkurra auglýsingaherferða og neyðarsafnana og nýju og spennandi fjáröflunarverkefni var sömuleiðis ýtt úr vör.

Starfsfólk og sjálfboðaliðar Rauða krossins skært í fjölmiðlum og vöktu með framkomu sinni eftirtekt á fjölbreyttum verkefnum félagsins. Hvort sem umfjöllunarefnið var neyðarvarnir, skaðaminnkun, sálrænn stuðningur, alþjóðamál eða endurnýting fatnaðar voru fulltrúar félagsins mættir fyrir framan hljóðnemana með góð svör og mannúðina í öndvegi.

### Meiriháttar Mannvinir

Rauði krossinn naut í fyrra mikillar velvildar almennings með ýmsum hætti. Mannvinum, mánaðarlegum styrktaraðilum Rauða krossins, hélt áfram að fjölga en sá hópur er ein mikilvægasta stoð fjáröflunar félagsins. Þá voru börn sérstaklega dugleg að safna fé til mannúðarverkefna



okkar og fundu upp á ýmsum skemmtilegum fjáröflunarleiðum. Þau ýmist seldu listaverk sín eða heimalagað límonaði, settu upp nuddstofu eða bakarí eða seldu alls konar sniðugt á hlutaveltu fyrir utan verslanir. Þá lögðu nemendur í nokkrum leik- og grunnskólum félaginu lið með fjáröflunum.

Almenningur brást líka einkar vel við jólamerkimiðum Rauða krossins. Í fyrra prýddu teikningar

úr auglýsingu fyrir aldarafmæli félagsins miðana en þær sýna ýmis verkefni félagsins í gegnum tíðina.

### Vinir í neyð

Settar voru af stað tvær neyðarsafnanir á síðasta ári, annars vegar fyrir þolendur jarðskjálftanna í Mjanmar og hins vegar fyrir íbúa Gaza. Þúsundir landsmanna lögðu þessum söfnunum lið og bættu þar með líf fjölmargra á þessum hamfarasvæðum.

## „Heimagerðar“ auglýsingar vöktu lukku

Auglýsingaherferðin „Ertu klár?“, þar sem þriggja daga verkefni Rauða krossins var kynnt, vakti athygli er hún hófst á vordögum. Svo mikla athygli að orðið „viðlagakassi“ var tilnefnt sem eitt af orðum ársins hjá Ríkisútvarpinu. Herferðin samanstóð m.a. af auglýsingum í sjónvarpi og útvarpi sem og á samfélagsmiðlum og var fylgt eftir með fjölda fjölmiðlaviðtala.

Auglýsingarnar voru gerðar af Rauða krossinum. Starfsfólk skrifaði handrit, leikstýrði og kvikmyndaði en aðahlutverkin voru þó í höndum atvinnuleikara.

Í aðahlutverki annarrar auglýsingaherferðar var hundurinn Max. Markmiðið með henni var að kynna vinaverkefni Rauða krossins sem hafa það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun fólks. Í tengslum við herferðina var haldin kynning í Kringlunni þar sem vegfarendur gátu heilsað upp á nokkra hunda og eigendur þeirra sem taka þátt í hundavinaverkefninu.

## Flaggskipið heldur úr höfn

Splúnkunýtt fjáröflunarverkefni leit dagsins ljós síðla árs er Fánaberar Rauða krossins voru kynntir til sögunnar með viðhöfn á Bessastöðum. Fánaberar samanstanda af hópi fólks úr lista- og viðskiptalífi sem ætla að safna fé til mannúðarverkefna félagsins. „Rauði krossinn á Íslandi hefur í meira en hundrað ár veitt fólki sem á þarf að halda aðstoð og stuðning, oft á erfiðustu stundum lífs þess,“ sagði Halla Tómasdóttir, forseti Íslands og verndari Rauða krossins. „Starf Fánaberanna mun því hvíla á þeirri löngu og merku sögu en þeir munu á sama tíma skrifa nýjan kafla í henni.“



## Börn sem breyta heiminum

Þau bökuðu, teiknuðu, smíðuðu og fönðruðu. Þau seldu handverk og alls konar dót fyrir utan sundlaugar, á götuhornum og við búðir og gengu líka sum í hús til að safna. Það er enginn skortur á hugmyndaríkum og góðhjörtuðum börnum sem gripu til ýmissa ráða til að safna fé fyrir Rauða krossinn árið 2025. Börn sem eiga bágt voru þeim efst í huga.



# Mannúðaraðstoð á sögulegum ófriðartímum

Alþjóðaverkefni

Árið 2025 var áskorunum háð fyrir mannúðarstarf á heimsvísu. Vopnuð átök hafa aldrei verið fleiri og náttúruhamfarir eru á tímum loftslagsbreytinga stærrí, standa lengur og eru flóknari. Víða er þrengt að aðgengi að mannúðaraðstoð og mikið vantar upp á virðingu fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum, þar á meðal vernd mannúðarstarfsfólks, en aldrei hefur fleira mannúðarstarfsfólk verið drepið við störf en árin 2024 og 2025. Á sama tíma draga mörg ríki úr framlögum til alþjóðlegrar mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu.

Því leggur Rauði krossinn á Íslandi mikla áherslu á aukna skilvirkni í alþjóðlegri mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu. Þar er lykilatriði að heimafólk, landsfélögin

sem við störfum með á hverjum stað, leiði starfið. Það er leiðarstef í öllu alþjóðastarfi Rauða krossins á Íslandi og mikil áhersla er lögð á stuðning við getu samstarfslandsfélaga.

## Tíu neyðarbeiðnir studdar

Rauði krossinn veitti 10 neyðarbeiðnum stuðning á árinu. Af þeim voru sjö vegna vopnaðra átaka, tvær vegna náttúruhamfara og ein vegna fólksflutninga. Palestínski Rauði hálfmánninn (PRCS) hlaut stuðning við neyðarviðbrögð sem veitt eru við gríðarlega erfiðar aðstæður vegna vopnaðra átaka sem og Rauði krossinn í Líbanon og Rauði krossinn í Úkraínu sem hlaut stuðning í samvinnu við Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánnans (IFRC). Í gegnum stuðning við

starf Alþjóðaráðs Rauða krossins var stutt við starf landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánnans í Súdan og í Sýrlandi og við starf neyðarsjúkrahúss Rauða kross hreyfingarinnar á Gaza. Alþjóðaráð Rauða krossins hlaut einnig stuðning við sérstaka neyðarbeiðni vegna kynferðislegs ofbeldis í vopnuðum átökum.

Rauði krossinn í Malaví hlaut stuðning til neyðarviðbragða vegna flóða og kóleru og Rauði krossinn í Mjanmar hlaut stuðning til viðbragða eftir jarðskjálfta. Rauði krossinn á Íslandi hefur stutt við mannúðaraðstoð á vegum IFRC um borð í björgunarskipinu Ocean Viking frá 2021, samstarfs IFRC við SOS Méditerranée sem sá um rekstur björgunarskipisins frá upphafi.




Palestínski Rauði hálfmáinn setti upp endurhæfingarsjúkrahús á Gaza á árinu.

Því miður tókst IFRC ekki að tryggja áframhaldandi fjármögnun verkefnisins og því lauk í lok árs 2025. Skipið hafði þá legið í höfn frá því að árás var gerð á það á hafi úti í ágúst. Engan sakaði en skipið þarfnaðist töluverðra viðgerða. Þá voru þrjár sendifulltrúar Rauða krossins á Íslandi á leið til starfa um borð en ferðum þeirra allra var aflýst. Frá upphafi verkefnisins hefur björgunarskipið bjargað 8.634 einstaklingum úr hafi og um borð hefur þeim verið veitt heilbrigðisþjónusta, matur, teppi og neyðarvistir.



**895.650 TRJÁM** PLANT-  
AÐ Í SÍERRA LEÓNE



**1.141 BJARGAÐ**  
ÚR MIÐJARÐARHAFI



**ÞRÍR** SENDIFULLTRÚAR  
STÖRFUÐU ERLENDIS



Myndir af vettvangi verkefna á ýmsum svæðum í heiminum sem Rauði krossinn á Íslandi studdi árið 2025.

## Færri sendifulltrúar

Þrjár sendifulltrúar, tvær konur og einn karlmaður, héldu til starfa á árinu sem eru mun færri sendifulltrúar en undanfarin ár. Starfsnemi hélt til Malaví til að styðja við verkefni Rauða krossins í Malaví tengt geðheilbrigði og sálfélagslegum stuðningi. Sérfræðingur í áætlanagerð, eftirliti, úttektum og skýrslugerð tók þátt í viðbrögðum við flóðum í Perú og einn sérfræðingur í samhæfingu neyðarskýla fór til Filippseyja til að styðja neyðarviðbrögð vegna jarðskjálfta.

IMPACT sendifulltrúanámsskeið var haldið dagana 26-31. október á Hótel Hamri í Borgarfirði. Alls tóku 24 einstaklingar, 7 karlar og 17 konur af 9 þjóðernum, þátt ásamt þremur leiðbeinendum frá IFRC og ICRC.

Helstu samstarfslandsfélög Rauða krossins á Íslandi voru sem fyrr fjögur, þ.e. landsfélögin í Malaví (MRCS), Síerra Leóne (SLRCS), Sómalíu (SRCS) og hernumdri Palestínu (PRCS) sem öll innleiddu langtímaverkefni með stuðningi Rauða krossins á Íslandi, flest með sérstaka áherslu á getuuppbyggingu og/eða jafnrétti, þátttöku og inngildingu. Í Malaví innleiddi MRCS samfélagslegt verkefni með áherslu á lífsviðurværi, heilbrigði og valdeflingu.

Í Síerra Leóne innleiddi SLRCS tvö verkefni, en annað snéri að getuuppbyggingu landsfélagsins og hitt laut að samfélagslegri trjárækt. 22.597 hektarar lands hafa verið græddir upp í Síerra Leone frá upphafi verkefnisins 2022. Í Sómalíu rak SRCS færanlega heilsugæslu með stuðningi

Rauða krossins á Íslandi sem veitir rúmlega 30 þúsund einstaklingum í dreifbýli aðgengi að heilbrigðisþjónustu. SRCS innleiddi einnig verkefni er snéri að fræðslu til samfélaga um heilbrigði sem og um vernd, jafnrétti og inngildingu. Rauði krossinn á Íslandi studdi einnig við byggingu höfuðstöðva samhæfingarskrifstofu SRCS í Hargeisa. Í palestínskum flóttamannabúðum í Líbanon studdi Líbanon-deild palestínska Rauða hálfmánans samfélög með fræðslu um heilbrigði og vann að eigin getuuppbyggingu.

Utanríkisráðuneyti Íslands studdi við meirihluta ofangreindra verkefna sem og Mannvinir Rauða krossins og almenningur, þar á meðal tombólubörn, sem studdu við neyðarsafnanir vegna neyðar á Gaza.

## Alþjóðleg verkefni og sendifulltrúar

### Rauða krossins á Íslandi

#### Palestína

Neyðaraðgerðir Palestínska Rauða hálfmánans. Neyðarsjúkrahús Rauða krossins á Gaza.

#### Úkraína

Stuðningur við neyðarbeiðni Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans vegna átaka.

#### Miðjarðarhaf

Mannúðaraðstoð um borð í björgunarskipinu Ocean Viking.

#### Afríka sunnan Sahara

Stuðningur Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans við landsfélög í álfunni til að efla vernd, jafnrétti og inngildingu. Samhæfing Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans á trjáræktaráttaki í álfunni.

#### Súdan

Framlag til neyðarbeiðni Alþjóðaráðs Rauða krossins vegna átaka.

#### Síerra Leóne

Styrking getu Rauða krossins. Samfélagslegt trjáræktarverkefni.

#### Perú

Sendifulltrúinn **Karla Johnson**, sérfræðingur í áætlanagerð, eftirliti, úttektum og skýrslugerð, fór í maí til starfa hjá Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) vegna neyðarviðbragða í kjölfar flóða í landinu.

#### Hnattrænt

Neyðarbeiðni Alþjóðaráðs Rauða krossins til að takast á við kynferðislegt ofbeldi.

#### Líbanon

Sjálfbær landsfélög og aukin viðnámsþol samfélaga, verkefni Palestínska Rauða hálfmánans í flóttamannabúðum. Neyðarbeiðni Rauða krossins í Líbanon vegna átaka.

#### Sýrland

Neyðarbeiðni Alþjóðaráðs Rauða krossins vegna átaka.

#### Sómalía

Styrking getu Rauða hálfmánans. Færanleg heilsugæsla. Bygging höfuðstöðva Rauða hálfmánans.

#### Mjanmar

Neyðaraðgerðir Rauða krossins í Mjanmar vegna jarðskjálfta.

#### Filippseyjar

Sendifulltrúinn **Orri Gunnarsson**, sérfræðingur í samhæfingu neyðarskýla, starfaði í október til desember á vegum IFRC í neyðarviðbrögðum vegna jarðskjálfta á eyjunum.

#### Malaví

Aukinn viðnámsþóttur samfélaga. Neyðarviðbrögð Rauða krossins í Malaví vegna flóða og kóleru. Sendifulltrúinn **Adama N'dure** var í Malaví frá mars til september í starfi tengdu geðheilbrigði og sálfélagslegum stuðningi með Rauða krossinum í landinu.



Sjálfboðaliði palestínska Rauða hálfmánans ræðir við konu á heilsugæslu á Gaza. Félagið sinnir öflugum sálfélagslegum stuðningi á svæðinu auk þess að sinna bráðabjónustu.

## Metár í mannfalli:

Að minnsta kosti **326** mannúðarstarfsmenn voru drepnir við störf sín í **21** landi.

**27** starfsmenn og sjálfboðaliðar Rauða krossins og Rauða hálfmánans voru drepin.

Þar af voru **9** starfsmenn palestínska Rauða hálfmánans drepnir við störf og **7** starfsmenn súðanska Rauða hálfmánans.

Yfir **þúsund** mannúðarstarfsmenn hafa verið drepnir við störf sín á undanförunum þremur árum. Þar af hafa meira en **560** verið drepnir á Gaza og Vesturbakkanum.



Bráðaliðar palestínska Rauða hálfmánans á Gaza fallast í faðma við minningarstund um kollega þeirra sem voru drepnir í árás.



# Fjölbreytt reynsla í starfsmanna- hópnum og hafsjór þekkingar

Starfsfólk Rauða krossins á Íslandi var 97 í lok árs 2025. Kynjahlutfall var 78% konur og 22% karlar. Starfsmannahópurinn býr yfir fjölbreyttri menntun, reynslu og þekkingu sem styður við fjölbætta starfsemi félagsins.

Á árinu var áfram lögð áhersla á faglegt starfsumhverfi, vellíðan starfsfólks og gagnsæi í mannauðsmálum. Unnið var markvisst að því að styðja við starfsþróun, efla samskipti og tryggja skýr og fagleg ferli í stjórnun og ákvarðanatöku.

### Jafnlaunavottun

Rauði krossinn á Íslandi hélt áfram að þróa og viðhalda jafnlaunakerfi sínu á árinu 2025 í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Félagið stóðst viðhaldsvottun á jafnlaunakerfinu

í desember án athugasemda, sem staðfestir að kerfið er í virkri og árangursríkri notkun og styður við markmið um gagnsæi og jafnræði í launamálum.

Niðurstöður launagreiningar haustið 2025 sýna að óútskýrður launamunur kynjanna mældist 2,2%, konum í óhag, sem er lítillega yfir markmiði félagsins um að halda launamun undir 2%. Heildarlaun milli kynja eru þó nánast jöfn og skýrist frávik-ið meðal annars af breytingum í starfsmannahópi, þar á meðal ráðningu í stjórnunarstöðu. Niðurstöður greiningarinnar eru taldar áreiðanlegar og sýna að launamyndun byggir að meginstefnu á málefnalegum þáttum.

Þróun síðustu ára sýnir að launamunur hefur haldist innan eða nálægt markmiðum félagsins, en



## 97 MANNS STÖRFUÐU HJÁ RAUÐA KROSS- INUM ÁRIÐ 2025

hann mældist 1,24% árið 2024 og 1,90% árið 2023. Rauði krossinn mun áfram vinna markvisst að umbótum og viðhaldi jafnlaunakerfisins með það að markmiði að tryggja jafnræði í launamálum og fulla hlítinu við kröfur staðalsins.



## Anna Bryndís Hendriksdóttir

**Starf:** Ég er verkefnastjóri sendifulltrúamála í alþjóðateymi Rauða krossins. Starfið felst í að ráða og þjálfa fólk til starfa í hjálparstarfi erlendis. Þessir einstaklingar kallast almennt sendifulltrúar og hafa verið valdir á útkallslista er kallast Veraldarvaktin, í kjölfar sérstækrar þjálfunar, sérhæfingar og faglegs bakgrunns. Einnig hef ég verið á bakvakt neyðaraðgerða Rauða krossins hér innanlands, m.a. sem fulltrúi RKÍ í samþæfingarstöð almanna- varna.

**Hversu lengi hefur þú unnið hjá Rauða krossinum?** Lengi! Þetta eru orðin vel rúm 25 ár sem ég hef verið starfsmaður á landsskrifstofu Rauða krossins í ýmsum verkefnum og deildum og enn lengur ef sjálfbóðaliðatíma mínum er bætt við. Ég byrjaði starfsferilinn sem ungmennafulltrúi og aðstoðaði í flótt- og hælisleitendamálum áður en ég varð verkefnastjóri í Vestur-Afríku í alþjóðateyminu og síðar í sendifulltrúamálum.

Rauði krossinn hefur þó verið hluti af mínu lífi lengur. Ég byrjaði sem sjálfbóðaliði 1991 í ungmennahreyfingu Rauða krossins, m.a. í alþjóðahóp, var einnig sjálfbóðaliði í Vin – athvarfi fyrir geðfatlaða, Rauða kross húsinu – athvarfi fyrir ungmenni í vanda, hjá Vinalínunni sem var undanfari 1717 hjálparsímans, ásamt ýmsum útkallsverkefnum. Einnig var ég í stjórn RKÍ í 6 ár áður en ég tók að mér ungmennamál sem starfsmaður árið 2000.

**Hvað stóð upp úr hjá Rauða krossinum árið 2025?** Árið sýndi sem aldrei fyrr hversu nauðsynlegur Rauði krossinn er bæði innan samfélaga hver í sínu landi sem fyrsta viðbragð í neyðaraðgerðum og samfélagslegum verkefnum en ekki hvað síst að sameinast sem alþjóðahreyfing í þeim stríðshörmungum er geisluð á árinu á Gaza, í Úkraínu, Súdan, Afganistan og víðar. Rauði krossinn er ætíð í liði með mannúðinni hvar og hvenær sem er þrátt fyrir að á síðustu misserum hafi þrengt verulega að hjálparstarfi bæði með aðgengi hjálpargagna til þurfsandi og fjárstuðningi til neyðar- og þróunarsamvinnuverkefna. Þetta er sorgleg staðreynd en á síðasta ári reyndist nauðsynlegt að minna stríðandi fylkingar og valdhafa ítrekað á virðingu fyrir mannúðarlögum og leggja áherslu á að hafa mannúð að leiðarljósi í hvívetna.

**Hvaða orð kemur upp í hugann þegar þú hugsar um starf Rauða krossins?** Mannúð. Ég á erfitt með að nefna aðeins eitt orð! Mitt mat er að Rauði krossinn sé nauðsynlegur og mjög mikilvægur. Fá ef nokkur önnur samtök eru fær um að ná til þeirra sem mest þurfa í erfiðum aðstæðum, sérstaklega í átökum – með hlutleysi og mannúð að leiðarljósi. Ég verð líka að nefna traust. Rauði krossinn hefur stundum fengið að starfa þegar öðrum hjálparsamtökum hefur verið vísað frá.



## Jóhanna Ólafsdóttir

**Starf:** Bókari deilda á fjármálasviði.

**Hversu lengi hefur þú unnið hjá Rauða krossinum?** Síðan í apríl 2024.

**Hvað stóð upp úr hjá Rauða krossinum árið 2025?** Hjá starfsfólki, biðin eftir að flytjast aftur „heim“ í Efstaleiti. Almenn, þær áskoranir sem Rauði krossinn hefur þurft að takast á við í heimsmálum, þær hörmungar sem hafa dunið yfir íbúa Gaza og þær áskoranir sem samtökin hafa þurft að takast á við þar. Hér heima við finnst mér standa upp úr er Ylja, verkefni sem höfuðborgardeild sinnir af miklum krafti ásamt Frú Ragnheiði sem er orðið rötgróð verkefni. Bæði þessi verkefni sinna hópi af fólki

sem er utangarðs í samfélaginu.

**Hvaða orð kemur fyrst upp í hugann þegar þú hugsar um starf Rauða krossins?** Hlutleysi.



## Noelia Zapata

**Starf:** Verkefnafulltrúi í flóttamannateymi Eyjafjarðardeildar.

**Hversu lengi hefur þú unnið hjá Rauða krossinum?** Ég hef starfað með hreyfingunni í tvö ár, fyrst sem ESC-sjálfbóðaliði og síðar sem starfsmaður.

**Hvað stóð upp úr hjá Rauða krossinum árið 2025?** Ég vil nefna tvennt. Í fyrsta lagi þá opnuðum við verkefnin okkar fyrir þátttöku sjálfbóðaliða úr hópi flóttafólks og farenta með góðum árangri. Þannig höfum við fjölgað sjálfbóðaliðum af erlendum uppruna og breytt nálgun okkar til að tryggja þýðingarmikla þátttöku þeirra í verkefnum okkar sem leidd eru af sjálfbóðaliðum.

Í öðru lagi höfum við lagt áherslu á að veita sálfélagslega þjónustu og þjálfun fyrir okkar skjólstæðinga, sjálfbóðaliða og aðra þjónustuþega. Aðsóknin hefur verið frábær og sýnt fram á hversu mikilvægur aðgengilegur sálfélagslegur stuðningur er fyrir vellíðan og aðlögun fólksins sem við vinnum með.

**Hvaða orð kemur fyrst upp í hugann þegar þú hugsar um starf Rauða krossins?** Valdefling. Ég sé þverfaglega nálgun í hinum ýmsu verkefnum Rauða krossins sem miða að því að byggja upp færni og seiglu innan samfélaga sem við störfum með.



## Nataliia Pelypets

**Starf:** Verkefnafulltrúi í málefnum fólks á flótta.

**Hversu lengi hefur þú unnið hjá Rauða krossinum?** Síðan í apríl 2022.

**Hvað stóð upp úr hjá Rauða krossinum árið 2025?** Beygð en ekki brotin. Árið 2025 starfaði ég sem verkefnastjóri í EU4Health, verkefni sem veitti Úkraínumönnum á Íslandi sálfélagslegan stuðning.

Allir litu á Úkraínumenn sem fólk sem væri með áfallastreituröskun vegna stríðsins, þunglynt, með mikla streitu eða jafnvel týnt. Það sem ég sá var einstakt fólk með ótrúlega færni, fagþekkingu og sérfræðiþekkingu sem það gat ekki beðið eftir að deila með löndum sínum: Einhver bauð upp

á hugleiðslutíma, einhver kom með listmeðferð og tónlistartíma fyrir smábörn, nokkrar konur á áttæðisaldri byrjuðu að bjóða upp á þjónu- og útsaumsnámskeið og hópur sálfraeðinga hóf fræðslu um hvernig ætti að takast á við streitu og missi af völdum stríðs.

Það var einstök upplifun að verða vitni að því hvernig sjálfbóðastarf hjá Rauða krossinum og það að gefa til baka til samfélagsins gerði þeim sem komu úr stríði kleift að græða sár sín með því að græða aðra.

**Hvaða orð kemur fyrst upp í hugann þegar þú hugsar um starf Rauða krossins?** Samheldni.

## Rauði krossinn í fjölmiðlum árið 2025





## Málþing um grunnildi

# Grunngildin mikilvægari nú en nokkru sinni

Mikilvægi grunnilda Rauða krossins á umbrotatímum í heiminum var þema málþings sem Rauði krossinn á Íslandi stóð fyrir í Norræna húsinu á 101 árs afmæli félagsins á Íslandi, 10. desember. Málþingið var haldið í tilefni af 60 ára afmæli grunnildanna og á því var fjallað um þau út frá ýmsum hliðum af sjálfböðaliðum, starfsfólki, fulltrúum annarra félagasamtaka og stjórnvalda og sérfræðingi frá Alþjóðaráði Rauða krossins.

Mæting og þátttaka fór fram úr björtustu vonum en áætlað er að um 140 hafi sótt málþingið, þar af voru um 90 sem komu í Norræna húsið og um 50 sem horfðu á streymið. Könnunin eftir málþingið sýnir fram á 70% aukningu í þekkingu þátttakenda á grunnildum félagsins og fékk viðburðurinn 4,6 stjörnur af 5 mögulegum hjá þeim sem svöruðu.

Julien Chalier, sérfræðingur hjá Alþjóðaráði Rauða krossins, flutti erindi á málþinginu, þar sem hann fór yfir tilurð og tilgang grunnildanna, sem öll hreyfingin starfar eftir. „Það var á tímum breytinga, óvissu og vonar sem Rauði krossinn og Rauði hálfmáninn tóku upp grunnildin sjö: Mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, sjálfböðin þjónusta, Eining og Alheimshreyfing,“ sagði Julien m.a. og vísaði þar til árána í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar. „Þessi grunnildi voru ekki fundin upp í fundarherbergi,“ sagði hann enn fremur. Er þau voru staðfest hafi þau endurspeglad og byggt á áratuga reynslu af mannúðarstarfi á vígvöllum. „Nú, sextíu árum síðar, er enn á ný runninn upp tími óvissu og ófriðar.“

En það er einmitt á slíkum tímum sem grunnildi Rauða krossins



skipta meira máli en nokkru sinni, benti Julien á. „Í dag á hlutlaus, óhlutdræg og sjálfstæð mannúðaraðstoð undir högg að sækja,“ sagði hann. Það stefni lífi milljóna manna í hættu.

„Í sextíu ár hefur hreyfingin haldið grunnildunum í heiðri því við vitum að þau bjarga mannlífum. Þau gera okkur kleift að starfa við fremstu víglínur og handan þeirra, að tala við alla aðila, ná til fólks sem býr á svæðum sem stjórnað er af vopnuðum hópum

og starfa sem hlutlaus milli-gönguaðili.“

Ekkert af þessu væri mögulegt án þess að fylgja grunnildunum út í ystu æsar. Julien vitnaði því næst í orð forseta Alþjóðaráðs Rauða krossins, Mirjönu Spoljaric, sem sagði nýverið: „Ríki þurfa ekki að vera hlutlaus. En þau þurfa á því að halda að við séum það. Þegar heimsbyggðin velur sér lið, velur hreyfingin að vera í liði með mannúðinni. Og heimurinn er betri staður fyrir vikið.“

## Fjármál

# Tekjur og framlög 2025

Rekstrartekjur ársins voru 3.384 milljónir en þar af var söluhagnaður fastafjármuna 157 milljónir.

Fjármunatekjur voru 295 milljónir. Félagið hafði því rúmlega 3.678 milljónir til ráðstöfunar. Tekjur af samningsbundnum verkefnum fyrir íslenska ríkið námu 1.089 milljónum, þar af komu 326 milljónir frá utanríkisráðuneytinu vegna rammásamninga um alþjóðlegt hjálparstarf. Alls voru styrkir og framlög frá almenningi og fyrirtækjum 661 milljón, þar af komu 317 milljónir frá Mannvinum. Tekjur af söfnunarkössum hækkuðu um 2% og voru 361 milljón á árinu. Samdráttur í tekjum Íslandsspila er áfram áhyggjuefni þrátt fyrir örlitla aukningu í framlögum milli ára.

Félagið varði alls 3.109 milljónum til verkefna, þar af fóru 1.129 milljónir í verkefni innanlands. Umfangsmestu verkefni innanlands voru annars vegar þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd og hins vegar verkefni í skyndihjálp og neyðarvörnum. Tekjur vegna skyndihjálparnámskeiða jukust talsvert á árinu vegna markvissrar sóknar.


Framlög og gjöld tengd alþjóðlegu hjálparstarfi og alþjóðasamstarfi voru 636 milljónir. Hæstu framlögin fóru til Palestínu, Síerra Leóne, Malaví, og Sómalíu.

Tekjur Sjúkrabílasjóðs voru 971 milljón, þar af voru greiðslur fyrir flutninga 642 milljónir, framlag Sjúkratrygginga var 307 milljónir og framlag Rauða krossins 22 milljónir. Á árinu voru boðnar út og keyptar 17 hefðbundnar sjúkrabifreiðar og 8 stærri bifreiðar með kassa sem eru væntanlegar á seinni hluta þessa árs.


Hagnaður fatasöfnunar var rúmlega 65 milljónir en hann dróst verulega saman á milli ára eða um 34%. Lækkunin er tilkomin að mestu leyti vegna þess að fatasöfnun hætti alfarið útflutningi á textíl á árinu. Er það að hluta til vegna þeirra breytinga að nú er sveitarfélögum skylt samkvæmt lögum að annast söfnun textíls.

Launagreiðslur samstæðunnar voru alls 1.105 milljónir. Stöðugildin voru að jafnaði 80 á árinu, þar af 28 hjá deildum og 8 samtals hjá Fatasöfnun og Sjúkrabílasjóði. Stöðugildi sendifulltrúa sem unnu við hjálparstarf erlendis var að jafnaði 0,5.


## Þróun tekna síðustu 5 ár




## Útgjöld eftir verkefnum



## Alþjóðaverkefni



## Verkefni innanlands



## Fjármál

# Lykiltölur úr rekstrinum

Tekjur í milljónum króna	2025	2024	2023	2022	2021
Söfnunarkassar	361	354	384	349	284
Frjáls framlög	661	754	626	642	546
Samningar við stjórnvöld	1.089	1.139	1.065	1.083	1.515
Sjúkraflutningar	642	603	576	468	425
Sölustarfsemi	455	492	472	392	395
Aðrar tekjur	175	18	16	20	94
<b>Samtals</b>	<b>3.384</b>	<b>3.360</b>	<b>3.139</b>	<b>2.955</b>	<b>3.259</b>

Framlög til verkefna í milljónum króna	2025	2024	2023	2022	2021
Alþjóðahjálparstarf	518	555	605	587	391
Alþjóðasamstarf	118	96	68	80	68
Innanlandsstarf	1.129	1.236	980	1.025	1.396
Sjúkraflutningar	689	674	633	555	526
Hjálparsíminn	69	63	58	55	47
Athvörf Rauða krossins	0	0	0	0	32

Skipting heildarútgjalda eftir verkefnum í milljónum króna	2025	%
Innanlandsstarf	1.129	36%
Alþjóðlegt hjálparstarf	518	17%
Alþjóðasamstarf	118	4%
Sjúkraflutningar	689	22%
Fjáröflun og kynning	371	12%
Önnur starfsemi	284	9%
<b>Samtals</b>	<b>3.190</b>	<b>100%</b>

Sundurliðun innanlandsstarfs	2025	%
Deildastarf	113	10%
Skyndihjálp og neyðarvarnir	363	32%
Skaðaminnkun	129	11%
Hjálparsíminn	69	6%
Flóttafólk og ums.um vernd	219	19%
Fjöldahjálp og neyðarskýli	147	13%
Félagslegur stuðningur	70	6%
Önnur verkefni	19	2%
<b>Samtals</b>	<b>1.129</b>	<b>100%</b>

Sundurliðun alþjóðlegs hjálparstarfs	2025	%
Neyðaraðstoð	257	50%
Þróunarsamvinna	237	46%
Sendifulltrúar	24	5%
<b>Samtals</b>	<b>518</b>	<b>100%</b>



### **Blóði safnað um land allt**

Rauði krossinn hóf skipulega blóðsöfnun á stríðsárunum vegna hættu á loftárásum. Árið 1967 fjárfesti félagið í bifreið til að fara í blóðsöfnunarferðir um landið. Blóðbíllinn skipti sköpum fyrir Blóðbankann og það var ekki fyrr en árið 2002 að Rauði krossinn hætti afskiptum af blóðsöfnun. Á myndinni má sjá karlmann gefa blóð í söfnun félagsins á Laugarvatni árið 1983.

### **Stjórn Rauða krossins á Íslandi**

Sigríður Stefánsdóttir, formaður,  
Jón Ásgeirsson, varaformaður.

Stjórnarmenn: Arnbjörg Sveinsdóttir, Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir, Ívar Kristinsson, Margrét Gná Jóhannsdóttir, Óttarr Ólafur Proppé, Símon Friðrik Símonarson, Valgerður Bláklukka Fjölvisdóttir, Unnsteinn Ingason.

Varamenn: Árni Jóhannsson.



## **Rauði krossinn**

Rauði krossinn á Íslandi · Efstaleiti 9 · 103 Reykjavík · Sími 570 4000  
info@redcross.is · www.raudikrossinn.is